

Guðmundur St. Sigurðarson  
Bryndís Zoëga

# Fornleifaskráning Skagabyggðar: Ásbúðir og Mánavík



Byggðasafn Skagfirðinga  
Rannsóknaskýrslur  
2011/114

Forsíðumynd: Hvalreki á Ásbúðum. Þegar skráning fór fram sumarið 2010 fannst steypireyður í fjörunni framan við bæinn á Ásbúðum.



© **Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga**

**Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki**

**2011/114**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Tilgangur fornleifaskráninga .....	3
Aðferð við skráningu .....	4
Ásbúðir – söguyfirlit .....	5
Fornleifaskrá .....	7
Ásbúðasel .....	24
Óstaðsettar minjar .....	27
Mánavík - söguyfirlit .....	30
Fornleifaskráning .....	32
Mánavíkursel .....	45
Óstaðsettar minjar .....	46
Samantekt og niðurstöður .....	48
Minjar í landi Ásbúða .....	48
Minjar í landi Mánavíkur .....	49
Heimildaskrá .....	51

## **Inngangur**

Haustið 2010 lauk þriðja áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið og voru eftirtaldar jarðir skráðar í þessum áfanga: Mánaskál, Núpur, Fjall, Bakki, Álfhóll, Krókur, Hólmi, Björg (Ytri og Syðri), Sviðningur, Kálfshamarsvík, Saurar, Ós, Mánavík og Ásbúðir.

Um var að ræða heildarskráningu á þessum jörðum þar sem allar fornleifar sem tengjast ábúð og nýtingu þeirra voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa og selja.

Heimildavinna vegna skráningar Ásbúðar og Mánavíkur fór fram á vordögum 2010 og var í höndum Bryndísar Zoëga landfræðings og Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðings. Vettvangsvinna fór fram síðsumars sama ár og var unnin af Bryndísi og Guðmundi sem sá að auki um skýrslugerð.

Landeigendum og heimildamönnum kunnum við bestu þakkir fyrir veittar upplýsingar og aðstoð, sér í lagi þeim Lárusi Árnasyni frá Mánavík og Valgeiri Karlssyni bónda á Víkum.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhusa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

## ***Aðferð við skráningu***

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær bærinn á Ásbúðum númerið 1 (auðkennt Ásbúðir - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Ásbúðir - 1, 13201.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is). Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður út frá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjunum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á svonefndum túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## Ásbúðir – söguyfirlit



Mynd 1, íbúðarhúsið á Ásbúðum, nú frístundahús, horft til austurs.

Í *Húnaþingi* segir um Ásbúðir: „Nyrzti bær í Skagahreppi. Bærinn stendur á ás milli Ásbúðavatns og tjarnar andspænis vatninu. Knappt er um graslendi, þó minna um rennandi vatn. Fjörubeit er góð.“<sup>1</sup>

Ásbúðir koma fyrst fyrir í reka og landamerkjaskrá Þingeyrarklausturs frá því um 1285.<sup>2</sup> Nafnið Másbúðir kemur fyrir í bréfi frá 1515 og virðist eiga við um bæinn, en líklega er þar um misritun að ræða.<sup>3</sup>

### Náttúrufar og jarðabætur

Í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 kemur fram að torfrista og stunga hafi verið lítt nýtandi en var þó ekki fengin annars staðar frá. Grasetekja var bjargleg en selveiði hafði brugðist í mörg ár en var áður sæmileg. Rekavon ágæt, en reka fyrir jörðum Víkna, Mánavíkur og Ásbúða var skipt milli jarðanna í hlutfalli við jarðamat þeirra. Engar engjar voru taldar til jarðarinnar. Vatnsbólið var sagt í gruggugri leirtjörn sem sjór gekk í þegar brim var og var það ódrekkandi nema síað. Góð lending var fyrir Ásbúðum og heimræði allt árið um kring meðan afla var von. Skip gengu eins mörg og bóndi kom við en voru þó sjaldan fleiri en eitt, en stundum réru þaðan fleiri skip gegn gjaldi, sjaldan þó fleiri en tvö.<sup>4</sup>

Í úttekt frá fyrri helmingi 20. aldar segir um túnið að það sé jafnlent, harðlent, slétt og greiðfært og gefi um 100 hesta. Engin voru greiðfærir flóar og mátti sum ár þurrka heyið úti á staðnum, meðalheyskapur af þeim síðustu fimm ár voru 120 hestar (hestur=100 kg). Beituland jarðsælt en létt og fjörubeit ágæt. Ræktunarmöguleikar voru sagðir slæmir. Mótak gott en í mikilli fjarlægð og var rekaviður notaður til eldsneytis. Torfrista slæm, en hleðslugrjót gott og steypuefni gott og nærtækt. Vatnsbólið slæmt. Umtalsverð hlunnindi voru á jörðinni, dúntekja var að meðaltali 12 kg á ári og að jafnaði fengust um 150 æðaregg.

<sup>1</sup> *Húnaþing II*, 80.

<sup>2</sup> *Íslenskt fornbréfasafn II*, 249

<sup>3</sup> *Íslenskt fornbréfasafn IX*, 314.

<sup>4</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 482.

Silungsveiði var talsverð í vötnum í landi jarðarinnar og góð lending við ströndina og hrognkelsaveiði mikil. Ókostir jarðarinnar voru mikill ágangur búfjár frá öðrum bæjum, og skemmdir á túni af völdum grjótburðs við sjóinn. Þá áttu þrjár kirkjur tilkall til reka fyrir jörðinni, það voru Holtastaða- Gunnsteinsstaða- og Auðkúlukirkja. En rekaviður áætlaður 5 hestburðir á ári að meðaltali.<sup>5</sup>

Jörð	Ártal	Eigandi	Jarðamat	Landskuld	Kúgildi
Ásbúðir	1696 <sup>6</sup>	Mælifellskirkja	10 hdr.	60 al.	2
Ásbúðir	1708 <sup>7</sup>	Mælifellskirkja	10 hdr.	30 al.	2
Ásbúðir	1847 <sup>8</sup>	Mælifellskirkja	5 hdr.	30 al.	1
Ásbúðir	1861 <sup>9</sup>		3,5 hdr.		

### Ábúð

Árið 1835 eru átta manns skráðir til heimilis á Ásbúðum. Enginn er skráður þar til heimilis árið 1840 en fimm árum síður eða frá 1845 til 1890 eru þar á bilinu 3-7 í heimili. Í manntalinu 1860 er jörðin skráð sem hjáleiga en hvergi annarsstaðar fyrir né síðar.<sup>10</sup>

<sup>5</sup> Úttekt á jörðinni Ásbúðum í Vindhælishreppi nr. 61 [dagsetningu og ártal vantar]. Héraðskjalasafn Austur-Húnavetninga.

<sup>6</sup> Björn Lárússon (1967), 242.

<sup>7</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 479-480.


<sup>8</sup> *Jarðatal á Íslandi*, 242.

<sup>9</sup> *Ný jarðabók*, 90.

<sup>10</sup> *Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*, [www.manntal.is](http://www.manntal.is), skoðað 17. jan. 2010.



## Fornleifaskrá



Mynd 2, túnakort af Ásbúðum frá árinu 1921 lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni, 1 er gamli bærinn á Ásbúðum, 2 fjósið, 3 brunnur o.s.frv.

### Ásbúðir - 1

**Sérheiti:** Ásbúðir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var gamli bærinn suðvestast í túninu, en áttahorf kortsins eru ónákvæm og er nær lagi að segja bæjarstæðið vestarlega í túninu.

### Lýsing

Grunnur fjárhúss sem byggt var um 1968, stendur nú á gamla bæjarstæðinu og engar minjar gamla bæjarins eru greinanlegar. Dreifar af grjóti, sem mögulega er hleðslugrjót, eru þó vestur af grunninum og umhverfis hann.



Mynd 3, horft til austurs yfir gamla bæjarstæðið á Ásbúðum, næst er grunnur fjárhúsa frá núnda áratug 20. aldar og geymsla frá 1969.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Ásbúðna segir: „Túnið liggur yfir Ásinn, alveg á milli Ásbúðnavatns og Tjarnarinnar. Á bakkanum, þar sem Ásinn endar, niður við sjóinn, stóð gamli bærinn. Þar standa nú ný fjárhús – byggð um 1968.“ (ÖKE, 1).

### **Ásbúðir - 2**

**Hlutverk:** Skemma

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Samkvæmt örnefnaskrá stóð skemma sunnan við fjárhúsin frá 1968 sem áður tilheyrði gamla bænum.

#### **Lýsing**

Þessi skemma er nú horfin og engar tóftaleifar sýnilegar sunnan við grunn fjárhúsanna frá 1968.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Á bakkanum, þar sem Ásinn endar, niður við sjóinn, stóð gamli bærinn. Þar standa nú ný fjárhús – byggð um 1968. Sunnan við þau er skemma, sem áður tilheyrði gamla bænum.“ (ÖKE, 1). Skemman sést á ljósmynd í bókinni Húnaþing II (bls. 80) og sést að hún hefur staðið við suðvesturhorn nýju fjárhúsanna sem þá hafa verið í byggingu (Húnaþing II, 80).

### **Ásbúðir - 3**

**Hlutverk:** Vatnsból/brunnur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1921 er teiknaður lítill hringur um 18m frá bæ, þegar kortið er lagt yfir loftmynd lendir þessi hringur rétt við fjöruborðið suðvestur af fjárhúsunum á Ásbúðum.

#### **Lýsing**

Engin ummerki um þennan brunn fundust á vettvangi, hugsanlega hefur verið fyllt uppí hann eða hann brotnað í sjó fram.

### **Ásbúðir - 4**

**Sérheiti:** Ærhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti frá 1921 voru fjárhús um 10m norðaustur af gamla bænum á Ásbúðum.

#### **Lýsing**

Þarna er slétt tún í dag og engin merki um umrædd hús sýnileg á yfirborði.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Gömlu fjárhúsin stóðu á Ásnum c.a. 50m norðan við íbúðarhúsið. Þau voru alltaf nefnd Ærhús og stóðu örskammt fyrir ofan gamla bæinn.“ (ÖKE, 2). Á túnakorti frá 1921 eru Ærhúsin rúma 10m NA af gamla bænum.

### **Ásbúðir - 5**

**Sérheiti:** Sauðhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Tæpa 100m ANA af gamla bæjarstæðinu á Ásbúðum eru tóftir fjárhúss, um 80m norðaustur af íbúðarhúsi sem byggt var 1928.

### **Lýsing**

Tóftin er mjög greinileg en þakið er fallið og eru timburleifar og torf inní tóftinni. Veggir eru á bilinu 50-100sm háir og 1-1,5m breiðir. Búið er að girða af austurhluta hlöðunnar fyrir einhvers konar matjurtagarð að því er virðist.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Í háaustur frá Ærhúsum, niður undir Ásbúðnavatni, hétu Sauðhús. Þau stóðu í svonefndum Leyningi.“ (ÖKE, 2). Samkvæmt túnakorti voru Sauðhúsin í NA-horni túnsins.

### **Ásbúðir - 6**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag/hryggur

### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1921 er útjaðar túnsins teiknaður upp. Garðlag hefur legið í suðvestur frá íbúðarhúsinu frá 1928, að Tjörninni með útskoti til suðausturs við húsið. Það hefur svo legið til norðvesturs skammt austan við Tjörnina og til sjávar. Óvíst er hvort garðlag hefur verið eftir sjávarbakkannum.

### **Lýsing**

Garðlagið er greinanlegt austan við Sauðahúsin, um 2-3m breitt og 30-60sm hátt á um 45m kafla, á loftmynd virðist að auki sjá móta fyrir hrygg til suðvesturs að íbúðarhúsinu alls um 100m langur.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Gamli túngarðurinn lá fast fyrir sunnan íbúðarhúsið úr Tjörninni og suður í Ásbúðnavatn.“ (ÖKE, 2).

### **Ásbúðir - 7**

**Sérheiti:** Tröð

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Miðað við túnakort frá 1921 hefur heimreiðin legið frá suðvesturhorni gamla bæjarins, nokkru sunnan við grunn fjárhúsanna frá 1968 og til suðausturs fast við suðvesturhorn íbúðarhússins frá 1928 og áfram til suðausturs fast vestan við leifar hesthússins (nr. 8).

### **Lýsing**

Engin ummerki um gömlu heimreiðina sáust á vettvangi, en hún hefur líklega horfið við túnsléttun og framkvæmdir þegar núverandi íbúðar-/frístundahús var byggt.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: Heimreiðin að gamla bænum var nefnd Tröð og lá hún rétt fyrir neðan íbúðarhúsið að bænum. (ÖKE, 1). Á túnakorti frá 1921 má sjá að tröðin hefur legið til austurs frá bænum og suður fyrir hesthúsin.

### **Ásbúðir - 8**

**Sérheiti:** Grundarhús (ytri)

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Dæld/Tóft

**Staðhættir**

Á túnakorti er hús rétt utan túnjaðarsins um 50m austur af gamla bænum.

**Lýsing**

Ummerki um þetta hús eru afar óljós, en þó sáust dældir á vettvangi og óljós ummerki um vegg. Dældirnar eru um 10sm djúpar og veggirnir á bilinu 5-10sm. Húsunum hefur greinilega verið rutt út og sléttað yfir. Af loftmynd virðist þó hægt að greina fyrirkomulag húsanna og virðist hafa verið tvístæð garðahús með hlöðu.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Skepnuhús stóðu eina 10-15 m suðaustur af íbúðarhúsinu. Syðra húsið var upphaflega notað fyrir hesthús, en það ytra sem fjánhús. Þau voru svo bæði notuð sem fjánhús. Hús þessi voru nefnd Grundarhús. Grund.“ (ÖKE, 2). Óljóst er af lýsingunni hvort um sambyggð hús (tvístæð) hefur verið að ræða eða tvö frístandi hús.

### **Ásbúðir - 9**

**Sérheiti:** Grundarhús (syðri)

**Hlutverk:** Hesthús/fjánhús

**Tegund:** Dæld/Tóft

**Staðhættir**

Á túnakorti er hús rétt utan túnjaðarsins um 50m austur af gamla bænum.

**Lýsing**

Ummerki um þetta hús eru afar óljós, en þó sáust dældir á vettvangi og óljós ummerki um vegg um 10sm djúpar dældir og veggirnir á bilinu 5-10sm. Húsunum hefur greinilega verið rutt út og sléttað yfir. Af loftmynd virðist þó hægt að greina fyrirkomulag húsanna og virðist hafa verið tvístæð garðahús með hlöðu.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Skepnuhús stóðu eina 10-15 m suðaustur af íbúðarhúsinu. Syðra húsið var upphaflega notað fyrir hesthús, en það ytra sem fjánhús. Þau voru svo bæði notuð sem fjánhús. Hús þessi voru nefnd Grundarhús.“ (ÖKE, 2). Óljóst er af lýsingunni hvort um sambyggð hús (tvístæð) hefur verið að ræða eða tvö frístandi hús.

### **Ásbúðir - 10**

**Sérheiti:** Dagsláttur

**Hlutverk:** Beðasléttur

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Samkvæmt örnefnaskrá voru tvær beðsléttur suður af gamla bænum beint niður (vestur) af íbúðarhúsinu frá 1928, nefndar Dagsláttur (ÖKE, 2).

**Lýsing**

Beðasléttur sáust ekki á vettvangi sumarið 2010 og hafa líklega horfið við síðari tíma túnsléttun.

### **Ásbúðir - 11**

**Sérheiti:** Kvíamór

**Hlutverk:** Kvíar

**Staðhættir**

Samkvæmt örnefnaskrá voru kvíar í svonefndum Kvíamó suðvestur af bæ á Ásbúðum.

### **Lýsing**

Kvíarnar fundust ekki á vettvangi sumarið 2010.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Halli niður að Tjörninni, niður frá Grundinni, hét Kvíamór. Heimast í honum voru Kvíarnar. Ásmundur Árnason kom í Ásbúðir 1911, og var aldrei fært frá í hans tíð. Sennilega hefur ekki verið fært þar frá eftir 1900.“ (ÖKE, 2).

### **Ásbúðir - 12**

**Sérheiti:** Bangsavarða

**Hlutverk:** Óþekkt/kennimark

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Samkvæmt örnefnaskrá var varða nefnd Bangsavarða vestan við Þórðarvík, út við sjó fast austan við túnið (ÖKE, 2-3).

### **Lýsing**

Breiður malarkambur er milli sjávar og túns á þessum stað og engin ummerki um vörðu greinanleg.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Austan við túnið er Þórðarvík og Þórðarvíkurmöl, á milli Ásbúðnavatns og sjávar. Vestan við víkina á bakkanum, stendur Bangsavarða, beint í hánorður af [hér vantar orð]. Hef ég heyrt, að hún dragi nafn sitt af því, að þar hafi fyrst komið á land dýr það hið grimma, sem Björn á Skarðsá getur um í Annálum sínum.“ (ÖKE, 2-3).

## Minjar á Tanga



### Ásbúðir - 13

**Hlutverk:** Óþekkt/vörslugarður/  
túngirðing

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Nokkur garðlög og tóftir eru á svonefndum Tanga/Varptanga, sem er nokkuð stór og gróinn tangi umflotinn Ásbúðavatni að sunnanverðu en sjó að norðan, en malarkambur tengja tangann landi til suðvesturs og suðausturs.

**Hættumat:** Garðlagið hefur að hluta farið undir malarkamb í norðvesturhorni og sömuleiðis suðausturenda, garðlagið telst því í hættu vegna ágangs sjávar.



Mynd 4, horft til suðausturs eftir garðlagi nyrst á Tanga.



### Lýsing

Grjóthlaðið garðlag er meðfram tanganum að norðvestan. Það er um 30-50sm hátt og um 1m á breidd. Það sést á um 50m kafla og liggur samsíða sjávarkambinum frá Ásbúðavatni en hverfur undir hann til norðurs. Um 45m norðar liggur garður útfrá sjávarkambinum til suðausturs 250m þvert yfir norðausturenda tangans. Þessi hluti garðsins er að mestu gróinn að undanskyldum um 7m kafla að vestanverðu. Á þessum kafla er garðurinn á bilinu 30-60sm hár og um 1m breiður. Gamlar girðingaleifar eru á garðinum vestast en um miðbikið kemur nýleg girðing inn á garðinn og liggur eftir honum til suðausturs. Líklega hafa þessir garðar verið hlaðnir undir girðingu eða streng frá upphafi.

### Ásbúðir - 14

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðslur/grjóthrúgur

**Staðhættir**

Norðvestast á Tanga eru þrjár grjóthrúgur, milli garðlagsins nr. 13 og núverandi girðingar.

### Lýsing

Hleðslurnar eða grjóthrúgurnar eru hringlaga um 1,5m í þvermál og um 40sm háar og mynda gleiðan þríhyrning með um 3m millibili.



Mynd 5, horft til suðausturs yfir grjóthleðslur (nr. 14) norðvestast á Tanga/Varptanga norðaustur af bæ á Ásbúðum.

### Ásbúðir - 15

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Garðlag liggur í boga frá suðaustur hlið Tangans til norðvesturs og vesturs inn á tangann.

### Lýsing

Garðlagið er um 50-60sm hátt og um 1m breitt. Það er algróið, smáþýft og í því fjöldi æðarhreiddra. Garðurinn er tæplega 120m langur.

### Ásbúðir - 16

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 40m suðvestur af vesturenda garðlagsins nr. 15 á Tanga er tóft út við Tjörn.

### Lýsing

Tóftin stendur yst á gömlum bakka Ásbúðavatns um 70sm háum, sem bendir til að vatnsborðið hafi lækkað töluvert frá því sem áður var. Hluti tóftarinnar virðist hafa horfið fram af bakkanum, óvíst hve mikið. Það sem eftir stendur eru því veggir á þrjá vegu en opið til suðvesturs að vatninu. Veggirnir eru 10-50sm háir, lægri að utanverðu en innan. Tóftin er grasi gróin og sker sig lítt úr umhverfinu.

### Ásbúðir - 17

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Syðst á Tanganum/Varptanga er vinkillaga garðlag sem lokar af syðsta hluta tangans.

## Lýsing

Garðlagið lokar hluta tangans af til norðvesturs og norðausturs en Ásbúðavatn til suðausturs og suðvesturs, auk þess sem smá garðstubbur er að suðvestan yfir lítinn tanga sem teygir sig til suðvesturs. Hlið virðist hafa verið til norðvesturs í norðurhorni. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti um 70-80sm hár og á bilinu 1-1,5m breiður. Garðbrotið að suðvestan er þó lægra og breiðara, um 2m breitt og 40-50sm hátt, úr torfi og grjóti. Fast utan við garðinn vestan við hliðið að norðan er lítil niðurgrafin tóft (nr. 18), en innan við garðinn að norðaustan er lítil niðurgrafinn flötur (nr. 19), hugsanlega matjurtagarður.

## Ásbúðir - 18

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft (niðurgröftur)

**Staðhættir**

Fast utan við garðinn (nr. 17) vestan við hliðið að norðan er lítil niðurgrafin tóft (nr. 18).

**Lýsing**

Tóftin er byggð utan í garðinn og er töluvert niðurgrafin, um 150-160sm djúp, en útbrúnir veggja eru á bilinu 30-100sm, hæstir upp við garðinn en lægri annarsstaðar. Timbur er ofan í tóftinni. Merkt æðarhreiddur eru eftir garðinum nr. 17 og í tóftinni nr. 18.



Mynd 6, horft til suðvesturs yfir niðurgrafna tóft nr. 18 og garðlag nr. 17. Íbúðar- og útihús á Ásbúðum sjást í fjarska handan Ásbúðavatns.

## Ásbúðir - 19

**Hlutverk:** Óþekkt/matjurtagarður


**Tegund:** Garðlag/jarðræktarsvæði

**Staðhættir**

Innan garðlagsins nr. 17 að norðaustan er niðurgrafinn sléttur flötur, að því er virðist jarðræktarsvæði af einhverju tagi fremur en ummerki um torftekju.

**Lýsing**

Flöturinn er um 80m<sup>2</sup>, meðfram honum eru lágir ruðningar um 30-50sm háir, en svæðið umhverfis vel gróið og smáþýft.



## Ásbúðir - 20

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þústir, náttúrumyndun

**Staðhættir**

Innan garðlagsins nr. 17 syðst á Tanga/Varptanga, eru óljósar þústir sem kunna að vera mannvirki.

**Lýsing**

Stórþýft er umhverfis þústirnar og því erfitt að greina hvað kunni að vera náttúrulegt og hvað manngert, engu er þó líkara en að þarna séu leifar byggingar af einhverju tagi sem er aflöng frá norðaustri til suðvesturs og hugsanlega með 4-5 hólf. Vegna ástands minjanna og þýfðs umhverfis er hins vegar ómögulegt að fullyrða að um minjar sé að ræða án frekari rannsóknar.



### **Ásbúðir - 21**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 20m norðaustur af horni garðlagsins nr. 17 er niðurgráfin tóft.

**Lýsing**

Tóftin er næsta hringlaga um 7m í þvermál að utanverðu. Veggirnir eru algrónir og fremur sléttir, um 2ja metra breiðir með 40-60sm háar útbrúnir en gólf tóftarinnar stendur um 30-40sm lægra en smáþýft umhverfið. Merkt hreiðurstæði eru umhverfis og á tóftarveggjunum. Um 7m NNV við þessa tóft er áberandi niðurgröftur með ruðningi umhverfis og virðist ekki gamalt.

### **Ásbúðir - 22**

**Hlutverk:** Landamerki?

**Tegund:** Varða / þúfa

**Staðhættir**

Þúfa eða gróin varða er norðaustast á Háumöl á merkjum Ásbúða og Hrauns.

**Lýsing**

Þúfan er um 60sm há og um 1m breið.

### **Ásbúðir - 23**

**Hlutverk:** Landamerki?

**Tegund:** Varða/þúfa

**Staðhættir**

Þúfa eða gróin varða er norðaustast á Háumöl á merkjum Ásbúða og Hrauns og önnur um 150m suðvestar.

**Lýsing**

Þúfan er á bilinu 50-70sm há og tæplega 2m í þvermál.

### **Ásbúðir - 24**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla/hrúga

**Staðhættir**

Suðaustanvert við Ásbúðavatn eru fimm grjóthrúgur með stuttu millibili.

**Lýsing**

Hleðslurnar eru fimm, á bilinu 30-60sm háar og 1,5-20m á milli þeirra.

### **Ásbúðir - 25**

**Sérheiti:** Hólmagirðing

**Hlutverk:** Óþekkt, vörslugarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Greinilegt garðlag er við sunnanvert Ásbúðavatn.

**Lýsing**

Garðurinn er að hluta grjóthlaðinn og að hluta úr torfi, hann er á bilinu 20-80sm hár og 1-1,5m breiður. Garðurinn sést á um 300m kafla meðfram vatninu.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Hlaðinn torfgarður með streng á var meðfram vatninu og þar yfir nes fram í vatnið. Girðing þessi nefndist Hólmagirðing.“ (ÖKE, 4).

### **Ásbúðir - 26**

**Sérheiti:** Austurmýri

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir**

Í svonefndri Austurmýri suður af Ásbúðavatni um 580m SA af bæ á Ásbúðum eru leifar mógrafa.

#### **Lýsing**

Búið er að grafa skurði í mýrinni og þurrka hana upp, leifar mógrafa sjást þó enn á loftmynd á a.m.k. einum stað. Grafirnar voru mældar upp af loftmynd og eru um 250m<sup>2</sup>. Óljós ummerki virðast vera víðar á svæðinu um mótékju.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Ásbúðnavatni, vestan til, gengur mýri, nefnd Austurmýri. Í henni voru mógrafir á víð og dreif. Var þar tekinn upp mór framundir 1960.“ (ÖKE, 4).

### **Ásbúðir - 27**

**Hlutverk:** Óþekkt/mótóft


**Tegund:** Tóft/náttúrumyndun

#### **Staðhættir**

Óljós tóft, hugsanlega mótóft, er við svonefnt Tóftarnes, við suðurenda Ásbúðavatns, um 50m norður af mógröfinni nr. 26.

#### **Lýsing**

Tóftin er ógreinileg og veggir þýfðir, um 10-50sm háir og um 1,5-2m breiðir, dyr virðist geta verið til vesturs. Tóftin fellur vel inni þýft umhverfið og ekki útilokað að um náttúrumyndun geti verið að ræða.



### Ásbúðir - 28

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Grjóthleðsla er á suðurbakka Ásbúðavatns á austanverðu Tóftarnesi um 14m sunnan við garðlagið (Hólmagirðingu) nr. 25 sem liggur þvert yfir nesið.

**Lýsing**

Hleðslan er undir gömlum vatnsbakka og er vel greinileg á bilinu 50-90sm há, sporöskjulaga og liggur NA-SV um 5,5x4m að utanmáli.

### Ásbúðir - 29

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Við suðvestanvert Ásbúðavatn er lítið nes sem gengur til norðurs í vatnið og kallast Tóftarnes, þar eru leifar hesthúss (nr. 29) auk fleiri minja.

### Lýsing

Hesthústóftin er tvískipt, stórt hólf sem liggur NA-SV með dyr syðst á SA-vegg og innangengt um miðjan NV-vegg inní litla tóft. Veggir eru á bilinu 10-100sm háir og 0,7-2,5m breiðir.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Hlaðinn torfgarður með streng á var meðfram vatninu og þar yfir nes fram í vatnið. Girðing þessi nefndist Hólmagirðing. Þar heiman (vestan) við er annað nes nefnt Tóftarnes. Í því voru tóftarbrot. Seinna var byggt hesthús á þeim tóftum.“ (ÖKE, 4).

### Ásbúðir - 30

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Við suðvestanvert Ásbúðavatn er lítið nes sem gengur til norðurs í vatnið og kallast Tóftarnes, þar eru leifar hesthúss (nr. 29) auk fleiri minja.

### Lýsing

Samkvæmt örnefnaskrá var hesthúsið (nr. 29) byggt á eldri tóftum, en þess sáust ekki merki á vettvangi sumarið 2010.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Hlaðinn torfgarður með streng á var meðfram vatninu og þar yfir nes fram í vatnið. Girðing þessi nefndist Hólmagirðing. Þar heiman (vestan) við er annað nes nefnt Tóftarnes. Í því voru tóftarbrot. Seinna var byggt hesthús á þeim tóftum.“ (ÖKE, 4).

### Ásbúðir - 31

**Sérheiti:** Austurmýri

**Hlutverk:** Óþekkt/Mókofi

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir


Við suðvesturenda Ásbúðavatns var mýri, svonefnd Austurmýri, sem nú er búið að þurrka upp. Tæpa 60m suður af enda vatnsins inn á milli fjögurra skurða sem liggja norður suður er lítil tóft.

### Lýsing

Tóftin stendur um 60m hærra en umhverfið, veggir eru grónir, en virðast hafa rofnað og gróið aftur. Timburleifar eru í tóftinni.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Ásbúðnavatni, vestan til, gengur mýri, nefnd Austurmýri. Í henni voru mógrafir á víð og dreif. Var þar tekinn upp mór framundir 1960.“ (ÖKE, 4).



### Ásbúðir - 32

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Um 260m suðaustur af bæ á Ásbúðum er lítil tóft á gömlum vatnsbakka um 20m vestur af núverandi vatnsborði Ásbúðavatns.

### Lýsing

Tóftin er um 3x3,5m að utanmáli, örlítið niðurgráfin með 30-60sm háa vegg og um 2m á breidd. Dyr virðast hafa verið til norðvesturs.

### Ásbúðir - 33

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**


Um 230m suðaustur af bæ á Ásbúðum er lítil þúst fast utan við túngirðinguna um 20m vestur af Ásbúðavatni.

**Lýsing**

Þústin er ferhyrnd um 4x3m að utanmáli og 40sm há, með grjót í köntum og tvær stórar hellur sem standa upp á rönd vestan í þústinni.



Mynd 7, horft til austurs yfir þúst utan í túngirðingunni suðaustur af Ásbúðum. Ásbúðavatn í baksýn.



### Ásbúðir - 34

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Um 140m ASA af bæ á Ásbúðum er brunnur (nr. 35) og 10m ASA við hann er hringlaga niðurgröftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er um 3,5m í þvermál með ávalar brúnir um 20-30sm djúp en svolitla bungu í miðjunni.

### Ásbúðir - 35

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Niðurgröftur og hleðsla

**Staðhættir**

Um 140m ASA af bæ á Ásbúðum er brunnur (nr. 35) í miðju túninu.

**Lýsing**

Brunnurinn eru um 120-130sm djúpur og rúmlega 1m í þvermál að innanverðu. Veggirnir eru um 1m beiðir og 50sm háir.



Mynd 8, horft til norðurs yfir garðlag (nr. 37) sunnan við túngirðinguna á Ásbúðum. Handan garðsins sést þúst (nr. 36) sem er grænni en umhverfið og gæti verið leifar mannvirkis af einhverju tagi, í baksýn er svo íbúðar og útihús á Ásbúðum.

### Ásbúðir - 36

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst/ruðningur

**Staðhættir**

Um 140m suður af bæ á Ásbúðum er aflöng þúst eða ruðningur vestan við heimreiðina um 17m norðan við garðlag (nr. 36).

**Lýsing**

Þústin eða ruðningurinn er um 4,5x22m að utanmáli og hæðin 10-30sm.

### Ásbúðir - 37

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Um 180m suður af bæ á Ásbúðum er garðlag við túngirðinguna um 14m vestur af núverandi heimreið.

**Lýsing**

Garðlagið liggur austur-vestur, um 7m langt og um 3m breitt og á bilinu 20-50sm hátt.

### Ásbúðir - 38

**Hlutverk:** Óþekkt



**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 330m suður af bæ á Ásbúðum er lítil tóft um 5m vestan við afleggjarann heim að bænum.

**Lýsing**

Tóftin er um 4x2,5m að utanmáli. Skörð eru beggja megin í vesturvegginn og benda til að þar kunnist að hafa verið dyr. Dyr gætu einnig hafa verið til austurs, en þar er veggurinn lægstur og þynnstur, hugsanlega er þar um hrun að ræða á kafla fremur en eiginlega vegghleðslu. Veggir eru að mestu grónir, á bilinu 10-70sm háir og 50-150sm breiðir, en grjóthleðslur sjást bæði innan í tóftinni og utan hennar.



### Ásbúðir - 39

**Hlutverk:** Óþekkt/mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 400m SSA af bæ á Ásbúðum og um 70m SV af SV-enda Ásbúðavatns er lítil óljós tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr nálega norður-suður um 4m löng um 2,5m breið. Hún er virðist tvískipt en veggir eru óljósir og smáþýfðir um 20-30sm háir og á bilinu 50-100sm breiðir.



## Ásbúðir – 40

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Rúma 700m SSV af bæ á Ásbúðum er þúst undir brekkunni um 125m vestur af heimreiðinni.

**Hættumat:** Rof er í þústinni og umhverfið blásið, hún verður því að teljast í hættu af þeim sökum.

**Lýsing**

Þústin er ferhyrnd um 8x6m að utanmáli og snýr nálega NA-SV. Þústin er grænni og gróskumeiri en umhverfið og stendur um 20-50sm hærra og sker sig því vel úr blásnu og rýru mólendinu. Útbrún er slétt að vestan og bakkinn um 50sm hár, til annarra átta er smá kragi á útbrúnunum sem gæti verið leifar veggja, um 10sm að hæð og 1m að breidd.

## Ásbúðir – 41

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Varða er efst á hryggnum um 80m vestan við afleggjarann heim að Ásbúðum, um 770m SSV af bæ.

**Lýsing**

Varðan stendur á smá gróðurtorfu á gróðurryrum melhrygg og er á bilinu 80-100sm há og um 1x1m að grunnfleti.



Mynd 9, horft til suðausturs yfir þúst vestan við afleggjarann heim að Ásbúðum.



Mynd 10, horft til NNA yfir vörðu nr. 41, efst á hryggnum vestan við afleggjarann heim að Ásbúðum. Íbúðar- og útihús á Ásbúðum sjást í fjarska efst í vinstra horni myndarinnar.



Mynd 11, horft til norðausturs yfir grónar vörður, nr. 43, fyrir miðri mynd, nr. 42 til hægri. Örlítið glittir í vörðu nr. 41 lengst til hægri bak við nr. 42. Í baksýn til vinstri sjást svo íbúðar- og útihús á Ásbúðum.

### Ásbúðir – 42

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Gróin varða er á svolitlum meltopp eða litlum hóli efst á hrygg sem er sunnan girðingar um 20m suðvestur af vörðu nr. 41.

**Lýsing**

Varðan er að mestu gróin mosa og lyngi, en greinilegar grjóthleðslur eru vestan í henni, sem eru um 10-40sm hærrí en umhverfið og í kringum 1,5m að grunnfleti. Þær jafnast út við meltoppinn sem hún stendur á og erfitt að greina hvar hleðslunni sleppir og náttúrulegur hóll tekur við.

### Ásbúðir – 43

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða/fuglapúfa

**Staðhættir**

Gróin þúfa er á meltoppi á hrygg vestan við afleggjarann heim að Ásbúðum. Þessi toppur er hugsanlega leifar vörðu og stendur tæpa 50m suðvestan við gróna vörðu nr. 42.

**Lýsing**

Ekki sést í grjóthleðslur og er þúfan algróin lyngi og mosa. Hugsanlega er um náttúrulega fuglapúfu að ræða en útlit hennar og afstaða til annarra greinilegra varða bendir til að um vörðu geti verið að ræða.

### Ásbúðir – 44

**Sérheiti:** Rindavarða

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Varða er á melrindanum sunnan við Skagaveg suður af Austurmýri, svonefnd Rindavarða.

**Lýsing**

Varðan er á bilinu 1-1,2m á hæð og um 1x1m á kant að grunnmáli. Varðan sjálf er ógróin en stendur á svolítilli gróðurtorfu á melrindanum.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Efst í Austurmýri kallast Austurmýrarkrókur. [...] Á Rindanum fyrir ofan Austurmýrarkrók er leiðarvarða nefnd Rindavarða.“ (ÖKE, 4).



Mynd 12, Rindavarða á melrindanum suður af Austurmýri.

### Ásbúðir – 45

**Sérheiti:** Tíðavarða

**Hlutverk:** Kennimark, landamerki

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Varða er upp á melbrún á merkjum Ásbúða og Hrauns, 840m upp (SSV) af Skagavegi.

**Lýsing**

Varðan er á bilinu 150-160sm há og um 1x1m að grunnfleti. Hún stendur á svolítilli klapparnibbu efst á melbrún, hún er ógróin en svolítill lyngtorfa er umhverfis hana.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Ofan við Rindana, austur undir merkjum, er Brúnkolluhamar og Brúnkolluhamarsgreni í brekkunni norðan í honum. [...] Grensbolli er lítill grasbolli fyrir



vestan grenið sjálf. Þar fyrir ofan er Tíðavarða á Tíðavörðurinda og Tíðavörðufloður. Þar sunnar og liggur til suðurs Tíðavarða er einnig merkjavarða.“ (ÖKE, 5).

#### Ásbúðir – 46

**Sérheiti:** Mánahaugur

**Hlutverk:** Þjóðsagnastaður

**Tegund:** Náttúrumyndun/Niðurgröftur

#### Staðhættir

Meintur legstaður formannsins Mána er í svonefndum Mánahaugi sem er hár náttúrulegur melhóll um 2,2km suður af bæ á Ásbúðum. Efst á hólnum er grunnur niðurgröftur, minnismerki um tilraun áhugamanna til að færa sönnur á sögnina eða finna fjár-sjóð Mána. Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Tíðavörðu eru Mánahæðir og Mánahaugur, stór hóll norðast og austast á hæðunum. Mánahaugur er í hásuður frá Ásbúðum.“ (ÖKE, 5).



Mynd 13, horft til suðausturs upp á Mánahaug á Mánahæðum rúma 2km suður af Ásbúðum. Sagan segir formanninn Mána heygðan í Mánahaug og niðurgröftur efst á hólnum er til vitnis um að reynt hafi verið að staðfesta þá sögn.

#### Lýsing

Mánahæðir eru á bilinu 75-85m yfir sjávarmáli og Mánahaugur sjálfur allhár, keilulaga og um 22m í þvermál í grunninn. Niðurgröfturinn efst á hólnum er 1,5m í þvermál, með aflíðandi brúnir og mest um 50sm djúpur í miðjunni.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Um Mánahaug er sú saga að þeir hafi verið bræður, Máni, sem byggði Mánavík og Mani, sem bjó á Manaskál á Laxárdal. Eitt sinn var þröngt í búi hjá Mána, en hann bjóst við, að Mani mundi hafa gnægð matar og heyja, svo hann leggur á stað og fram að Manaskál. Hefur svo ekki önnur tók þar á, en að hann bindur byrði á sig og leggur á stað heimleiðis. En Mani varð var við tiltæki bróður síns og veitti honum eftirför. Náði hann Mána og drap hann þarna á hæðinni, og er hann þar heygður. Einnig er til sú sögn, að Máni sé heygður með gullkistu í Mánahaug, og væri reynt að grafa í hauginn virtist þeim, sem grófu, bærinn í Ásbúðum standa í björtu báli.“ (ÖKE, 5).

#### Ásbúðir – 47

**Hlutverk:** Óþekkt/kennimark

**Tegund:** Varða

#### Staðhættir

Um 230m norðvestur af Mánahaugi er varða.

#### Lýsing

Varðan stendur á stórum steini og er alls á bilinu 120-130sm há en hleðslan sjálf aðeins 30-40sm og um 1x1m að grunnfleti. Varðan sjálf er gróðurvana en hún stendur á stórum steini á hálfgrónum mel.

#### Ásbúðir – 48

**Sérheiti:** Heybandsvegur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata (götur)

#### Staðhættir

Götur liggja að Ásbúðaseli vestan í svonefndum Selbrekkum austan Mánavíkurflóa.

## Lýsing

Göturnar voru gengnar á um 300m kafla næst Ásbúðaseli en 3,5km kafla til norðurs frá þeim var mældur upp af loftmynd og er vafalítið hægt að rekja götur alla leið til Ásbúða þótt þær sjáist ekki á loftmynd.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Tvær litlar lindar runnu úr Litlubreið í Brúarkeldu og mynda Sellæk. Sellækur rennur svo úr Mánavíkurflóa og vestur með brekkum, sem heita Selbrekkur. Í þeim er Ásbúðnasel, þar sjást ennþá tóftir vestast í brekkunum.“ og síðar segir: „Vestast á Mánahæðum, norður af Mánatjarnarengi, er klettabelti nefnt Miðmundarklettur, sennilega eyktarmark frá Víkum. Vestan í Miðmundarklettum er greni. Vestan við Miðmundakletta er Hædatagl og lá þar um Heybandsvegurinn úr Ásbúðum fram í Mánavíkurflóa.“ (ÖKE, 7-9).

## Ásbúðasel



Mynd 14, horft til suðvesturs yfir tóftir Ásbúðasels, næst á myndinni er tóft 50 (en aðrestrargarðurinn sést að hluta í vinstri jaðri myndarinnar) og sjálfar seltóftirnar (nr. 49) eru undir bakkannum handan þeirra fyrir miðri mynd og áfram til hægri og ber norðurendi þeirra við Sellækinn í bakgrunni.

### Ásbúðir – 49

**Sérheiti:** Ásbúðasel (Ásbúðnasel)

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Tóftir Ásbúðasels eru suðvestan í svo-nefndum Selbrekkum austan Mánavíkurfloa.

#### Lýsing

Tóftin er sexskipt, byggð suðvestur undir um 1m háum móabakka. Fjögur hólfi eða herbergi eru í tóftinni í röð meðfram bakkanum að norðaustan og tvö suðvestur af þeim. Úr nyrsta hlutanum hafa verið dyr út til suðvesturs. Næsta hólfi þar suðaustan við hefur einnig verið með dyr út til suðvesturs en líklega innangengt úr því inni hólfið suðvestan við. Dyr hafa verið út til

suðvesturs úr syðsta hólfinu og inni tvískipt hólfi til norðausturs undir kantinum. Hrun virðist vera úr vegg suðvestan við syðsta hluta tóftarinnar. Veggir eru að mestu grónir grasi, mosa og ljónslöpp og eru á bilinu 30-140sm að hæð og um 1m að breidd. Suðaustan við Seltóftina er stök tóft með mögulegum aðrekstrargarði og óljósar tóftir hugsanlegra fjárhúsa eru um 10m til suðvesturs.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Tvær litlar lindar runnu úr Litlubreið í Brúarkeldu og mynda Sellæk. Sellækur rennur svo úr Mánavíkurfloa og vestur með brekkum, sem heita Selbrekkur. Í þeim er Ásbúðnasel, þar sjást ennþá tóftir vestast í brekkunum.“ (ÖKE, 7). Í annarri skrá segir „Líklega hefur þar aldrei verið bú nema (sel) bú að sumarlagi. Þar hefur þó verið grafinn mór úr jörðu.“ (ÖMJ, 3).

### Ásbúðir – 50

**Sérheiti:** Ásbúðasel (Ásbúðnasel)

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Suðaustan við tóftir Ásbúðasels er stök tóft, fyrir litlu dragi inni brekkuna.

#### Lýsing

Tóftin er um 7x4m að utanmáli, svolíttill hryggur um 1,5m breiður og 10-30sm hár, gengur útfra suðurvegg hennar til suðvesturs og gæti hafa verið einhverskonar aðrekstrargarður. Veggir tóftarinnar eru á bilinu 20-80sm háir og um 1-1,5m breiðir, hlaðnir úr torfi og grjóti (sjá nánar mynd hér að ofan). Hugsanlega eru þetta leifar stekkjara eða kvía.

### Ásbúðir – 51


**Sérheiti:** Ásbúðasel (Ásbúðnasel)

**Hlutverk:** Óþekkt/öskuhóll

**Tegund:** Þúst/hóll

#### Staðhættir

Um 2m suðvestan við nyrsta hluta seltóftanna á Ásbúðaseli er lítill hóll eða þúst.



### **Lýsing**

Hóllinn er aflangur (NA-SV) um 2x3m á kant og um 50sm hár í miðju með aflíðandi brúnir. Hann er heldur grænni og gróskumeiri en umhverfið, hugsanlega hefur ösku úr selinu verið hent þarna í lítinn haug.

### **Ásbúðir – 52**

**Sérheiti:** Ásbúðasel (Ásbúðnassel)

**Hlutverk:** Óþekkt/fjárhús/beitarhús

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Um 12m suðvestan seltófirnar nr. 49 er tóft.

### **Lýsing**

Tóftin er tvískipt, vestari hlutinn snýr austur-vestur og er um 5x2,5m að innanmáli en austari hlutinn snýr þvert á hinn, norður-suður og er um 5x1,5m að innanmáli. Innangengt virðist hafa verið á milli og dyr útúr vestari hlutanum í suðvesturhorni. Veggirnir eru lágir og falla vel inní mosa og lynggróið umhverfið, þeir eru á bilinu 20-40sm háir og um 1m breiðir. Hugsanlega eru þetta leifar fjárhúss með hlöðu, en ástand tóftarinnar gerir að verkum að erfitt er að skera úr um það með vissu (sjá nánar mynd hér að ofan).

### **Ásbúðir - 53**

**Sérheiti:** Mjóengi

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgroftur

### **Staðhættir og lýsing**

Norðan við svonefndan Neðri-Brokhæðahaus sjást mógrafir á loftmynd. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi er af loftmynd að dæma eru þarna mógrafir á um 270m<sup>2</sup> svæði.

### **Aðrar upplýsingar**

Heimild er um mótekju í Mjóengi sem er vestan við Neðri-Brokhæðarhaus og sjást þær grafir vel á loftmynd. Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Neðri-Brokhæðahaus er mýrarfláki, sem heitir Mjóengi. Í því var tekinn upp mór hér áður og á holti austan við mitt engið er gamalt móbyrgi. Ásmundur Árnason, faðir Pálínu, mun vera sá eini, sem þarna hefur tekið upp mó.“ (ÖKE, 8). Grafirnar vestan við Neðri-Brokhæðarhaus eru samkvæmt landamerkjum á vefsíðu Fasteignamats Ríkisins í landi Mánavíkur og eru skráðar þar (taka ber fram að landamerkin eru ekki alltaf mjög nákvæm).

### **Ásbúðir - 54**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Á ljósmynd í Húnaþingi II sést torfhús norðan við íbúðarhúsið sem var byggt árið 1928. Líklega er það fjós fyrir 3 gripi úr torfi og grjóti sem greint er frá á sömu síðu.

### **Lýsing**

Norðan við íbúðarhúsið er nýleg viðbygging og sjást engin merki um torfhús.

## ***Óstaðsettar minjar***

### **Ásbúðir - 55**

**Sérheiti:** Grjótgarður

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt örnefnaskrá á að vera grjóthlaðinn garður norðaustast í landi Ásbúðna við svonefndu Grjótgarðsvíki eða -vík sem dregið hefur nafn af garðinum.

#### **Lýsing**

Garðurinn fannst ekki við skráningu.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir austan Tangavík tekur við Háamöl. Í hana austast er pínulítið vik nefnt Grjótgarðsvík. Garður lá fram á grjóthornið, austan Grjótgarðsvíkur, af malarkambinum ofan í vatnið. Hann var kallaður Grjótgarður.“ (ÖKE, 3).

### **Ásbúðir - 56**

**Sérheiti:** Kattarstaðir

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Nákvæm staðsetning Kattarstaða liggur ekki fyrir en í örnefnaskrá segir: „Þar heimar á mölinni [þ.e. skammt austur af merkjum Mánavíkur og Ásbúða] er skipanaust gamalt, nefnt Kattarstaðir. Þar er Hjallavík, útræðið forna, Hjallasker, Hjallablettur, sjáanlega gamall skiptivöllur.“ (ÖMJ, 3).

### **Ásbúðir - 57**

**Sérheiti:** Hjallavík

**Hlutverk:** Útræði

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Þar heimar á mölinni [þ.e. skammt austur af merkjum Mánavíkur og Ásbúða] er skipanaust gamalt, nefnt Kattarstaðir. Þar er Hjallavík, útræðið forna, Hjallasker, Hjallablettur, sjáanlega gamall skiptivöllur.“ (ÖMJ, 3).

### **Ásbúðir - 58**

**Sérheiti:** Hjallablettur

**Hlutverk:** Hjallur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Þar heimar á mölinni er skipanaust gamalt, nefnt Kattarstaðir. Þar er Hjallavík, útræðið forna, Hjallasker, Hjallablettur, sjáanlega gamall skiptivöllur. Af gömlu hjallstólpunum hefur alltaf staðið nokkuð eftir þangað til 1934, þá fóru þeir allir fyrsta vetrardag og mikið af Hjallablettinum grófst í mól.“ (ÖMJ, 3). „Í tíð núverandi ábúanda hefur verið sléttað yfir líklega 9 sjóbúðatóftir í túninu og við það.“ (ÖMJ, 4).

### **Ásbúðir - 59**

**Sérheiti:** Heygarðseyri

**Hlutverk:** Heystæði

**Tegund:** Heimild



### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Úr Austurborni, að vestan, rennur lækur úr dálítilli tjörn, norður miðjan flóann, norður í Sellæk. Þessi lækur var oftast nefndur Miðflóalækur. Meðfram honum voru sléttar eyrar og var þar grunnt á grjóti. Hét sú fremri (syðri) Grænaeyri og sú norðari Heygarðseyri. Á henni var gamall heygarður.“ (ÖKE, 7).

### **Lýsing**

Heygarðurinn var ekki skráður á vettvangi.

### **Ásbúðir - 60**

**Sérheiti:** Mjóengi

**Hlutverk:** Móbyrgi

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Norðan við svonefndan Neðri-Brokhæðahaus sjást mógrafir á loftmynd. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi er af loftmynd að dæma eru þarna mógrafir á um 270m<sup>2</sup> svæði. Samkvæmt örnefnaskrá á að vera móbyrgi á þessum slóðum, en það sést ekki á loftmynd og var ekki skráð á vettvangi.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Neðri-Brokhæðahaus er mýrarfláki, sem heitir Mjóengi. Í því var tekinn upp mór hér áður og á holti austan við mitt engið er gamalt móbyrgi. Ásmundur Árnason, faðir Pálínu, mun vera sá eini, sem þarna hefur tekið upp mó.“ (ÖKE, 8).

### **Ásbúðir - 61**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Í tíð núverandi ábúanda hefur verið sléttað yfir líklega 9 sjóbúdatóftir í túninu og við það.“ (ÖMJ, 4). Nákvæmari staðsetning á einstaka sjóbúðum liggja ekki fyrir.

### **Ásbúðir - 62**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Í tíð núverandi ábúanda hefur verið sléttað yfir líklega 9 sjóbúdatóftir í túninu og við það.“ (ÖMJ, 4). Nákvæmari staðsetning á einstaka sjóbúðum liggja ekki fyrir.

### **Ásbúðir - 63**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Í tíð núverandi ábúanda hefur verið sléttað yfir líklega 9 sjóbúdatóftir í túninu og við það.“ (ÖMJ, 4). Nákvæmari staðsetning á einstaka sjóbúðum liggja ekki fyrir.

### **Ásbúðir - 64**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Í tíð núverandi ábúanda hefur verið sléttað yfir líklega 9 sjóbúdatóftir í túninu og við það.“ (ÖMJ, 4). Nákvæmari staðsetning á einstaka sjóbúðum liggja ekki fyrir.

### **Ásbúðir - 65**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Í tíð núverandi ábúanda hefur verið sléttað yfir líklega 9 sjóbúdatóftir í túninu og við það.“ (ÖMJ, 4). Nákvæmari staðsetning á einstaka sjóbúðum liggja ekki fyrir.

### **Ásbúðir - 66**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Í tíð núverandi ábúanda hefur verið sléttað yfir líklega 9 sjóbúdatóftir í túninu og við það.“ (ÖMJ, 4). Nákvæmari staðsetning á einstaka sjóbúðum liggja ekki fyrir.

### **Ásbúðir - 67**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Í tíð núverandi ábúanda hefur verið sléttað yfir líklega 9 sjóbúdatóftir í túninu og við það.“ (ÖMJ, 4). Nákvæmari staðsetning á einstaka sjóbúðum liggja ekki fyrir.

### **Ásbúðir - 68**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Í tíð núverandi ábúanda hefur verið sléttað yfir líklega 9 sjóbúdatóftir í túninu og við það.“ (ÖMJ, 4). Nákvæmari staðsetning á einstaka sjóbúðum liggja ekki fyrir.

### **Ásbúðir - 69**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Í tíð núverandi ábúanda hefur verið sléttað yfir líklega 9 sjóbúdatóftir í túninu og við það.“ (ÖMJ, 4). Nákvæmari staðsetning á einstaka sjóbúðum liggja ekki fyrir.

Tveggja húsa er að auki getið í örnefnaskrá sem líklega hafa verið gerð úr torfi og grjóti þótt það sé ekki tekið fram. Minjarnar flokkast ekki sem fornleifar samkvæmt lögum. Annars vegar er um að ræða hesthúskofa sem byggður var byggður á árunum 1935-65 og hins vegar fjárhús byggð einhvern tíma eftir 1911. Hesthúsið fannst ekki við skráningu 2010 en fjárhúsin tók af í brimi árið 1934. Í örnefnaskrá segir um hesthúsið: „Hesthúskofi , sem Leifur [átt er við Leif Gíslason sem bjó ásamt Pálínu Ásmundsdóttur á Ásbúðum frá 1935-1965] byggði, stóð í hásuður frá Sauðhúsi í suðurjaðri túnsins.“ (ÖKE, 2). Um fjárhúsin segir: „Neðst í túninu, alveg á vatnsbakkanum, upp af Þórðarvíkinni, sem síðar verður nefnd, byggði Ásmundur Arnason fjárhús, fyrir u.þ.b. 70-80 fjár. Þau voru nefnd Vatnshús. Þau tók af í brimi haustið 1934 [Ásmundur kom í Ásbúðir árið 1911].“ (ÖKE, 2). Við vesturhorn Ásbúðnavatns er malarkambur út við sjó og grasi gróinn bakki sunnan hans, engin sýnileg ummerki um þessi fjárhús eru sýnileg á yfirborði.

## Mánavík - söguyfirlit



Mynd 15, horft til norðurs heim að Mánavík. Sumarhús við fjárhústóftir (nr. 6) og eldra bæjarstæði (nr. 5).

Mánavíkur er getið í Landnámabók en þar segir að Hólmgöngu-Máni hafi numið Skagaströnd frá Fossá að vestan til Mánapúfu að austan og hafi búið í Mánavík.<sup>11</sup>

Mánavík kemur fyrir í fornbréfi frá 1360 þar sem getið er um eignir og ítök Hvammskirkju í Laxárdal, en þá átti kirkjan fisktoll um allan skaga vestur að Mánavík.<sup>12</sup>

Í sóknarlýsingu frá árinu 1842 kemur fram að kirkjan í Bólstaðarhlíð hafi átt 10 hdr. úr jörðinni Mánavík á Skaga.<sup>13</sup> Þetta var 1/3 partur jarðarinnar og inni því tún og tvær víkur með ágætis rekavon.<sup>14</sup>

### Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir að jörðin sé í eyði og hafi verið það undanfarin sex ár. Síðast þegar hún var byggð var álitid að hún gæti fódrað eitt ungneyti á hejum og annað ekki. Torfrista var sögð lítt nýtandi og valla teljandi þótt hún væri brúkuð árlega, mósukurður til eldiviðar sagður til staðar en ekki nýttur. Lyng og hrísrif var bjarglegt til eldiviðar, grasatekja næg en selveiði lítil. Rekavon var sögð góð en reki fyrir jörðum Víkna, Mánavíkur og Ásbúða var óskiptur en deildist niður í hlutfalli við dýrleika jarðanna. Sölvafjara var áður fín en hafði eyðst mjög síðustu árin sem búið var á Mánavík. Túnið var sagt hart og graslítið og mestalt komið í mosa með litlum grashýjungi. Engar engjar voru taldar til jarðarinnar en landið sagt mest alt hraun, holt, melar og grasleysu mosamóar. Lending var góð fyrir landi og heimræði meðan aflavon var og gengu eins mörg skip og ábúandi fékk við komið.<sup>15</sup>

Í úttekt frá fyrri helmingi 20. aldar segir um túnið að það sé jafnlent, harðlent og þýft og gefi um 50 hest af heyi (1 hestur = 100 kg.) og túnræktunarskilyrði nokkur. Engjavegur var sagður langur en víðlendur og blautar og gáfu að jafnaði um 150 hesta. Beitolandi Víkna og Mánavíkur var óskipt, bæði víðlent og gott auk þess sem fjörubeit var góð. Mótak var sæmilegt en rekaviður notaður til brennslu. Torfrista léleg en hleðslugrjót og steypuefni nærtækt. Vatnsbólíð slæmt. Hlunnindi voru selveiði, að meðaltali fjórir kópar á ári og reki um

<sup>11</sup> *Íslendinga Sögur I*, 141.

<sup>12</sup> *Íslenskt fornbréfasafn III*, 147.

<sup>13</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar I*, 119.

<sup>14</sup> Klemens Guðmundsson, 54.

<sup>15</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* (1713), 481. Umfjöllunin um Mánavík var vottuð og undirskrifuð árið 1708 en bókin kom út árið 1713.



tveir hestburðir árlega. Ókostir jarðarinnar voru ágangur búfjár af öðrum bæjum, landbrot af túni og flæðihætta fyrir fé og nokkrar hættur í beitilandi.<sup>16</sup>

Jörð	Ártal	Eigandi	Jarðamat	Landskuld	Kúgildi
Mánavík	1696 <sup>17</sup>	Bændaeign	40 hdr.	80 al.	1/3
Mánavík	1708 <sup>18</sup>	Bændaeign (4 eig.)	40 hdr.	80 al.	0 (áður 2 ½)
Mánavík	1847 <sup>19</sup>	Bændaeign	30 hdr.	80 al.	2 ½
Mánavík	1861 <sup>20</sup>		6,2 hdr.		

## Hjáleigur og sel

### *Mánavíkurkot*

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir að Mánavíkurkot hafi verið byggð í heimalandi Mánavíkur fyrir meir en þrjátíu árum og hafi byggð varað þar í sex ár en kotið síðan legið í auðn. Landskuld var 20 álnir í landaurum en kúgildi ekkert. Hægt var að heyja sem svaraði sex vikna fóðri í eina kú á landi þess og ekki talið mögulegt að byggja það upp aftur sökum grasleysis, bæði á túni og úthögum.

Ekki er vitað hvar Mánavíkurkot stóð og könnuðust heimildamenn ekki við örnefni sem veitt gætu vísbendingar þar um. Túngarðsbrot er í kringum svonefndan Mánavíkurstekk austan Ytri-Víkur og má vera að það séu leifar túngarðs kotsins, fyrir því er þó engin vissa og vel mögulegt að garðlagið sé mun yngra.

### *Mánavíkursel*

Selstaða hefur verið frá Mánavík í svonefndum Vesturbotni, sem er suðvestasti hluti Mánavíkurflóa. Tóftirnar eru um 700m austur af Víknaseli en urðarhryggur skilur selin. Engar heimildir eru um búsetu á Mánavíkurseli og ekkert sem bendir sérstaklega til þess þótt þar séu töluverðar tóftaleifar.

### *Ábúð*

Mánavík kemur ekki fyrir nema í einu manntali og það er frá árinu 1835, þar var þá tvíbýlt og fimm skráðir til heimilis.<sup>21</sup> Mánavíkurkot var auk þess komið í eyði töluvert fyrir fyrsta manntalið árið 1703. Mánavík fór í eyði um 1920.<sup>22</sup>

<sup>16</sup> Úttekt á jörðinni Mánavík í Vindhælishreppi nr. 60 [dagsetningu og ártal vantar]. Héraðskjalasafn Austur-Húnavetninga.

<sup>17</sup> Björn Lárusson (1967), 242.

<sup>18</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 481.

<sup>19</sup> *Jarðatal á Íslandi*, 243.

<sup>20</sup> *Ný jarðabók*, 90.


<sup>21</sup> *Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*, [www.manntal.is](http://www.manntal.is), skoðað 13. jan. 2011.

<sup>22</sup> *Húnaþing II*, 103.

## Fornleifaskráning



Mynd 16, horft til austurs yfir bæjartóftirnar á Mánavík (nr. 1).



Mynd 17, túnakort af Mánavík frá 1921, lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni, nr. 1 er gamla bærinn á Mánavík, 2 er útihús og 3 túngarður.

fyrir aldamótin 1900, en þakið hrundi fyrir um tveimur árum síðan (munnleg heimild 20.8.2010). Göng voru í gegnum bæinn búr vestast, en gamalt hlóðældhús austan við það og þá fjós og baðstofan.

### Mánavík - 2

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Á túnakorti frá 1921 eru merkt tvö hús samsíða, á sjávarbakknum, skammt norðan við mitt túnið, óskilgreint hús að vestan, líklega útihús, og bær austan við.

#### Lýsing

Engar minjar eru sýnilegar á þessum stað á yfirborði og hefur húsunum að líkindum verið rutt um. Í sjávarbakknum vestan bæjartóftirnar (nr. 1) sjást hins vegar leifar öskuhóls (nr. 4) í sniði sem sjór hefur grafið inn í bakkann.

### Mánavík - 1

**Sérheiti:** Mánavík

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir


Á túnakorti frá 1921 eru merkt tvö hús samsíða, á sjávarbakknum, skammt norðan við mitt túnið, óskilgreint hús að vestan og bær austan við.

#### Lýsing

Austurhluti tóftarinnar er enn nokkuð vel standandi, með timburgrind og þakleifum. Vesturhlutinn virðist hins vegar hafa verið jafnaðar út. Veggir eru á bilinu 40-150sm háir og 1-1,5m breiðir.

#### Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Lárusi Árnasyni er það sem heillegast er af tóftinni leifar baðstofu sem afi hans Guðmundur Bjarnason byggði



### Aðrar upplýsingar

Lárus Árnason kannaðist ekki við þetta hús (munnleg heimild, 17.01.2011).

#### Mánavík - 3

**Hlutverk:** Vörslugarður, túngarður

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Á túnakorti frá 1921 eru útlínur túnsins sýndar eins og þær voru þá, að sunnan og austan hefur samkvæmt því verið vírgirðing en sjávarbakki að vestanverðu og að norðaustan. Ekki er skilgreint hvað hefur markað túnið að norðan en þar er hlaðið garðlag úr torfi og grjóti þvert yfir nesið.

**Hættumat:** Sjór brýtur af báðum endum garðsins og telst hann í mikilli hættu vegna þessa.

#### Lýsing

Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn, um 50-70sm hár og allt að 2m á breidd, með hliði fyrir miðju norður í nesið. Mikið grjót er í garðinum en hann er þó að mestu gróinn.

#### Aðrar upplýsingar

Garðlagið er á norðurjaðri túnsins eins og það er sýnt á túnakorti frá 1921, en æðarvarp er í nesinu norðan við garðinn og líklegt að tilgangurinn með garðinum hafi verið að vernda varpið fremur en að girða af túnið.



Mynd 18, horft til austurs eftir garðlaginu (nr. 3) norðan túns á Mánavík.

#### Mánavík - 4

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Mannvistarleifar

#### Staðhættir

Út við sjó vestur af gamla bænum á Mánavík (nr. 1) er öskuhóll sem er að brotna í sjó fram.

**Hættumat:** Öskuhóllinn er í mikilli hættu vegna landbrots, en sjór brýtur bakkann og saxar á hólinn árlega.


#### Lýsing

Bakkinn er á bilinu 100-130sm hár, algróinn að ofan og næsta sléttur. Undir grasrót eru 10-30sm af jarðvegi og stöku hleðslugrjóti, þá tekur við 50-90sm þykkur öskuhóll sem í eru hvalbein, sviðahausar og -kjammar, fiska- og fuglabein ásamt öðru rusli, kolum og stöku glerbroti. Þetta rusl sést á um 10m kafla í sniðinu.



Mynd 19, horft til norðurs eftir öskuhóli sem hefur komið í ljós við landbrot vestur af gamla bænum á Mánavík.





### Mánavík - 5

**Hlutverk:** Óþekkt/bæjarhóll

**Tegund:** Hóll

**Staðhættir**

Um 40m suðaustur af gamla bænum á Mánavík og beint austur af sumarhúsinu er umfangsmikill hóll og á honum nokkrar tóftir og þústir, líklega gamall bæjarhóll.

**Hættumat:** Sjór brýtur af norðausturhluta hólsins og er hann í mikilli hættu af þeim sökum.

**Lýsing**

Hóllinn er um 40x30m á kant og nær út að sjávarbakka að norðaustan þar sem brýtur af honum. Hóllinn er á bilinu 50-150sm háar. Síðari tíma niðurgroftur gengur til

norðvesturs inní hóllinn miðjan og sker hann hér um bil í tvennt. Niðurgrafin tóft er vestast í hólnum (nr. 6) og þrjár tóftir norðaustan í hólnum (nr. 7-9) og líklega naust (nr. 10) fast austan við norðurenda hans. Þá eru ójöfnur syðst í hólnum sem gæti bent til bygginga.

#### Aðrar upplýsingar

Niðurgrofturinn sem gengur þvert inní hóllinn til norðvesturs var gerður með jarðýtu og var meiningin að byggja þar hlöðu sem aldrei varð úr (munnleg heimild, Lárus Árnason, 17.01.2011).

### Mánavík - 6

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Niðurgrafin tóft er vestast í meintum bæjarhóli (nr. 5) á Mánavík.

**Lýsing**

Tóftin er um 2,5x6,5m að innanmáli og veggir á bilinu 120-170sm breiðir og 50-170sm háir (sjá teikningu hér að ofan). Heytóft virðist hafa verið fast austan við húsin, en hún stendur um 1m hærra en gólf tóftarinnar og er með afar óljósa innveggi en um 20-40sm háar útbrúnir.

#### Aðrar upplýsingar

Töluvert af timbri er inní tóftinni og nýlega uppsettar stoðir meðfram suðurvegg og silla ofan á þeim. Þarna voru fjánhús samkvæmt Lárusi Árnasyni (munnleg heimild, 17.01.2011).



Mynd 20, horft til norðausturs yfir tóft (nr. 6) sem grafín er inn í meintan bæjarhól (nr. 5).

### Mánavík - 7

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Lítil tóft er í svolíttilli lægð, austarlega á meintum bæjarhóli (nr. 5) á Mánavík.

### **Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur með dyr til suðvesturs. Veggir eru algrónir á bilinu 10-60sm og um 1m breiðir (sjá teikningu hér að ofan). Á norðausturvegg er hrúga af grjóthnullungum um 2m breið, 5m löng og 20-40sm há, ógróin.

### **Mánavík - 8**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Norðaustast á meintum bæjarhóli (nr. 5) á Mánavík eru tvær litlar tóftir samsíða útá sjávarbakka.

**Hættumat:** Vestari tóftin sem hér um ræðir er í hættu vegna landbrots, en hún er alveg útá bakkanum þótt ekki virðist hafa brotið af henni ennþá, eitthvað hefur hins vegar brotið af austari tóftinni.

### **Lýsing**

Vestari tóftin er um 5,5m á kant að utanmáli og með óljós ummerki um dyr útúr suðvesturhorni (sjá teikningu hér að framan). Veggir eru óljósar á bilinu 20-30sm háir og um 1m breiðir.

### **Mánavík - 9**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Norðaustast á meintum bæjarhóli (nr. 5) á Mánavík eru tvær litlar tóftir samsíða útá sjávarbakka.

**Hættumat:** Austari tóftin er í mikilli hættu vegna landbrots og hefur þegar brotnað af norðausturvegg hennar.

### **Lýsing**

Austari tóftin er næsta hringlaga, um 6m í þvermál, engar greinanlegar dyr eru á tóftinni. Veggir eru algrónir á bilinu 10-30sm háir og um 1m breiðir. Í sniðinu sem sjórinn hefur grafið inní bakkann sést hleðslugrjót í veggjum og hátt í 1m lag af móösku og rusli, undir tóftinni.

### **Mánavík - 10**

**Hlutverk:** Óþekkt/naust

**Tegund:** Tóft


#### **Staðhættir**

Norðaustast við meintan bæjarhól nr. 5 er tóft, líklega naust.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna landbrots af völdum sjávar.

### **Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður og hefur verið opin til norðurs, hún er 5x8m að utanmáli. Veggir eru 20-40sm háir, rúmlega 1m á breidd og grasi grónir. Mögulega hefur sjór þegar brotið af norðurenda tóftar.



### Mánavík - 11

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Lítill og óljós tóft er út við sjó um 30m suðvestur af sumarbústaðnum á Mánavík. Tóftin stendur á smá hól fast norðan við ruðning eða garðlag (nr. 12).

**Hættumat:** Tóftin verður að teljast í hættu vegna landbrots, en hún er um 3m frá sjávarbakka sem brýtur af árlega.

**Lýsing**

Tóftin er afar ógreinileg, um 4,5x6,5m að utanmáli, veggir eru grasi grónir á bilinu 5-10sm og um 1m breiðir. Dyr gætu hafa verið fyrir miðjum suðurvegg.

### Mánavík - 12

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Greinilegt garðlag er út við sjó um 30m suðvestur af sumarbústaðnum á Mánavík.

**Hættumat:** Garðlagið er í mikilli hættu vegna landbrots og nú þegar hefur brotnað af vesturenda þess.

**Lýsing**

Það sem eftir er af þessu garðlagi er um 10m langt en sjór hefur brotið af því til vesturs og austurendinn var sléttaður í tún (sjá teikningu hér að ofan). Garðlagið sem eftir stendur er um 1m breitt og 50-100sm hátt, lægra að norðan en svolitill niðurgröftur virðist vera meðfram því að sunnan. Niðurgröfturinn er fullur af rekaviði sem þar hefur verið staflað til geymslu. Garðlagið er að mestu gróið en þó sést víða í grjót.

**Aðrar upplýsingar**

Lárus Árnason sléttaði úr þessum garði og fjárhúsum sem stóðu við hann (munnleg heimild, 17.01.2011).

### Mánavík - 13

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Þrjár tóftir og ein þúst eru norðan við garðlagið (nr. 3) nyrst á Mánavíkurnesi.

**Lýsing**

Suðvestasta tóftin er um 5x5,5m á kant að utanmáli með dyr til suðurs. Veggir eru algrónir á bilinu 30-40sm háir og um 1m breiðir, tóftin stendur lágt og sést illa úr fjarlægð.


### Mánavík - 14

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Þrjár tóftir og ein þúst eru norðan við garðlagið (nr. 3) nyrst á Mánavíkurnesi.



Þústin stendur nokkuð hærra en umhverfið um 10m austur af syðstu tóftinni (nr. 13).

**Hættumat:** Þústin stendur um 7m frá fjörubakka og hefur sjór borið grjót uppá nesið og yfir þústina og verður hún að teljast í hættu vegna landbrots.

**Lýsing**

Þústin er ögn aflöng frá norðri til suðurs, um 6x7m á kant og stendur um 30-50sm hærra en umhverfið, engin veggjalög eru greinanleg. Umhverfið og þústin sjálf eru smáþýfð og gróin.

**Mánavík - 15**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Þrjár tóftir og ein þúst eru norðan við garðlagið (nr. 3) nyrst á Mánavíkurnesi. Tóftirnar eru í röð frá norðri til suðurs en þústin austan við syðstu tóftina.

**Lýsing**

Miðtóftin er um 4x6m að utanmáli, ögn niðurgrafin, með dyr syðst á vesturvegg og smá útskot við dyrnar til vesturs. Veggir eru um 30sm háir að utan um 60sm að innan.

**Mánavík - 16**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Þrjár tóftir og ein þúst eru norðan við garðlagið (nr. 3) nyrst á Mánavíkurnesi.

**Hættumat:** Nyrsta tóftin verður að teljast í hættu vegna ágangs sjávar, hún er að vísu órofin en töluvert grjót er uppá nesinu fast norðan við tóftina sem sjór hefur borið á land.

**Lýsing**

Nyrsta tóftin er að því er virðist tvískipt, um 7x10m að utanmáli, dyr eru til suðurs úr syðri hluta en norðari hlutinn opinn til vesturs. Veggir virðast að miklu leyti hlaðnir úr grjóti en þeir eru mikið grónir, á bilinu 30-50sm háir og um 1m breiðir.

**Mánavík - 17**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Niðurgröftur og hleðsla

**Staðhættir**

Á túninu tæpa 200m suðaustur af gamla bænum (nr. 1) á Mánavík.

**Lýsing**

Brunnurinn er grjóthlaðinn að innan en bæði torf og grjót eru í útbrúnum. Þvermál að utanverðu er um 5m en rúmur 1m að innanverðu. Töluvert hefur hrunið inní brunninn og hann líklega verið fylltur upp að hluta, en hann er aðeins um 70-80sm djúpur og útbrúnir hleðslna um 10sm hærri en túnið umhverfis.

**Aðrar upplýsingar**

Samkvæmt Lárusi Árnasyni var brunnurinn sagður vígður af Guðmundi góða, svokallaður Gvendarbrunnur (munnleg heimild, Lárus Árnason, 20.8.2010).

## Mánavík - 18

**Sérheiti:** Mánavíkurstekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Rúma 500m norðaustur af bæ á Mánavík, milli Ytri-Víkur og Ásbúðatjarnar er tóft (nr. 18) og hálfhringlaga garðlag (nr. 19) við sjávarkambinn.

**Hættumat:** Garðlagið er nú þegar að hluta komið undir sjávarkamb en tóftin er í um 7m fjarlægð frá honum og telst í hættu vegna ágangs sjávar.


### Lýsing

Tóftin er með hefðbundnu stekkjarlagi, tvískipt með rétt og litla áfasta lambakró. Réttin snýr norðvestur-suðaustur, hlið

hefur verið útúr henni til suðausturs og er hún um 1,5x7m að innanmáli. Lambakróin er norðvestan við og snýr eins með hlið til suðvesturs, hún er um 1x2m að innanmáli. Veggir eru að mestu grónir og ögn þýfðir en mikið grjótt er í þeim.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Austur frá Mánavíkurtúni liggur Fitin. Þaðan til norðausturs nefnist Hávaði, en norðan við hann Mánavíkurstekkur.“ (ÖAT, 1).



Mynd 21, horft til norðvesturs yfir Mánavíkurstekk (nr. 18) og garðlag sem umlykur hann (nr. 19). Hugsanlega er þetta garðlag leifar af túngarði umhverfis svonefnt Mánavíkurtot sem nefnt er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, en engar heimildir virðast til um staðsetningu þess og heimildamenn þekktu ekki örnefnið.

## Mánavík – 19

**Sérheiti:** Mánavíkurtot?

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

### Staðhættir

Rúma 500m norðaustur af bæ á Mánavík, milli Ytri-Víkur og Ásbúðatjarnar er tóft (nr. 18) og garðlag (nr. 19) við sjávarkambinn.

**Hættumat:** Garðlagið er nú þegar að hluta komið undir sjávarkamb og óljóst hve mikið af því hefur horfið. Það telst því í mikilli hættu vegna ágangs sjávar.

### Lýsing

Garðlagið myndar hálfhring umhverfis stekkjartóftina og er alls um 50m langt. Það er hlaðið úr torfi og grjóti og er á bilinu 30-60sm hátt og 1-2m breitt. Hlið hefur verið á því suðvestan við tóftina. Ekki er ljóst hve stórt svæði garðurinn hefur upphaflega girt af, en líklega hefur



garðurinn verið sporöskjulaga fremur en hringlaga miðað við austur hlið hans sem virðist taka beina stefnu til norðausturs.

#### **Aðrar upplýsingar**

Hugsanlega eru þetta leifar sem tengjast svonefndu Mánavíkurkoti sem nefnt er jarðabók frá 1708 en þar segir: „Manavykur kot, eyðihjáleiga bygð í heimalandi fyrir meir en þrjátíu árum og varaði bygðin sex ár, síðan legið í auðn“ (JÁM, 481). Lárus Árnason hafði ekki heyrt um þetta kot (munnleg heimild, Lárus Árnason, 20.8.2010). Í örnefnaskrá Ásbúða sem er næsti bær austan Mánavíkur er hins vegar talað um Kattarstaði vestur við merki jarðanna en þó í landi Ásbúða, útræði við Hjallavík og skiptavöllinn Hjallablett (ÖMJ, 3). Engar minjar svara til þessarar lýsingar á mölinni Ásbúðamegin og má vera að sjórinn hafi grandað þeim, en þó er ekki útilokað að um sömu minjar sé að ræða.

#### **Mánavík - 20**

**Hlutverk:** Óþekkt/smalaþyrgi

**Tegund:** Hleðsla

#### **Staðhættir**

Hleðsla er á melrindanum norðan Mánatjarnar austur við merki Mánavíkur og Ásbúða um 570m SA af gamla bænum á Mánavík.

#### **Lýsing**

Hleðslan er um 140x200sm á kant og liggur nálæga norðvestur-suðaustur. Hún er ógróin og mest um 30sm há. Hugsanlega er þetta skjólveggur eða leifar smalaþyrgis.



Mynd 22, horft til vesturs yfir hleðslu (nr. 20) sunnan við Skagaveg við merki Mánavíkur og Ásbúða. Í baksýn fyrir miðri mynd sést króin varða (nr. 21).

#### **Mánavík - 21**

**Hlutverk:** Óþekkt, landamerki?

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Tæpa 30m vestur af hleðslu (nr. 20) er gróin varða.

#### **Lýsing**

Varðan er gróin mosa og lyngi en þó sér fyrir grjóti í hleðslum. Hún er um 50sm há og er umhverfi hennar grænna og grónara en stórgrýtis melbrúnin í kring.

#### **Aðrar upplýsingar**

Hugsanlega er þetta þúfan sem sögð er ráða merkjum milli Mánavíkur og Ásbúða í örnefnaskrá (ÖVK 3, 1).

### Mánavík - 22

**Sérheiti:** Vörðukrókur

**Hlutverk:** Óþekkt/kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Varða er við svonefndan Vörðukrók þar sem austurendi Efribrúnar sveigir til norðurs (sbr. ÖMV, 3).

**Lýsing**

Varðan er á bilinu 30-50sm há og um 1m á kant. Hún stendur á svolítilli gróðurtorfu á annars lítt gróinni og urðarbrún.



Mynd 23, horft til VSV yfir vörðu við Vörðukrók, í baksýn er bærinn Víkur.

### Mánavík - 23

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Lítill varða er á melbrún í landi Mánavíkur ofan Skagavegar um 460m austur af bæ á Víkum. Hún stendur á svolítilli gróðurtorfu á blásnum melrinda.

**Lýsing**

Varðan er á bilinu 40-50sm há og rúmur 1m á kant neðst.



Mynd 24, varða (nr. 23) á blásnum mel austur af bæ á Víkum, sem sést í bakgrunni.

### Mánavík - 24

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Rúma 250m SSA af vörðu nr. 23 er önnur varða á grónum toppi á svolitlum urðarhrygg.

**Lýsing**

Varðan er á bilinu 50-60sm há og um 1m á kant að grunnfleti.

### Mánavík - 25

**Sérheiti:** Árnakofi

**Hlutverk:** Smalakofi

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 170m SSA af vörðu nr. 24 er smalakofatóft á grónum bletti á melrinda 70m norðan við svonefnda Víknalind.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og hafa dyr verið til suðvesturs.

Veggir eru á bilinu 20-40sm háir, hlaðnir úr grjóti og hafa hrunið út og inní tóftina, um 50-110sm breiðir. Lyng og mosagróður er í og umhverfis tóftina en umhverfið annars grýtt og gróðurryrt.



Mynd 25, grjóthlaðinn smalakofi er vestarlega í landi Mánavíkur, svonefndur Árnakofi (nr. 25).

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Ca. ½ km vestur af Vörðukróki er lind ofan við brúnina, norðvestur af Hæðatagli, Víknalind. Þar skammt frá gamall smalakofi, er nefndur er, Árnakofi. Ekki veit ég, hversu gamalt það nafn er, eða við hvern það er kennt.“ (ÖVK 3, 3). Lárus Árnason var einn af þeim sem notaði kofann þegar hann var látinn sitja þar yfir fé sem drengur (munnleg heimild, 17.01.2011).

### Mánavík - 26

**Hlutverk:** Smalakofi

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**


Tæpa 300m suður af Árnakofa og um 200m SSV af Víknalind eru leifar smalakofa.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt og er í allt um 2,5x3,5m á kant að ummáli og snýr suðvestur-norðaustur. Dyr hafa verið til suðurs úr austari hlutanum en engar dyr eru greinanlegar úr þeim vestari og hefur líklega hrunið í þær.



Mynd 26, horft til norðurs yfir hleðslur smalabyrgis SSV af Víknalind í landi Mánavíkur.



### Mánavík - 27

**Hlutverk:** Óþekkt/stekkur

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í gili bæjarlækjarins á Víkum er blautur hvammur norðan lækjar á merkjum Víkna og Mánavíkur, þar er óljós möguleg tóft og gömul og ný ummerki um torfristu.

**Lýsing**

Meint tóft snýr eftir giliinu norðvestur-suðaustur, hún er afar óljós en virðist tvískipt og líkist helst stekki með litla rétt að vestan og lambakró utan við norðausturhornið. Vestari hlutinn er 2x3m að innanmáli með hlið til norðvesturs en meint lambakró er um 1,5x1m og gætu hafa verið hlið á henni bæði til norðvesturs og til suðausturs. Veggirnir eru algrónir á bilinu 10-60sm háir og 110-170sm breiðir. Hvammurinn er ósléttur með blautar lægðir og þúfnakraugar á milli og ekki útilokað að meint tóft sé í raun náttúrumyndun af sama toga.

### Aðrar upplýsingar

Meint tóft er Víknamegin merkja miðað við landamerkjagrunn Nytjalands og ætti því með réttu að hafa verið skráð með þeirri jörð. Skráningaraðila hafði hins vegar yfirsést þessi staður þegar sú skráning var gerð og er þetta því látið fylgja Mánavík. Þess er hins vegar rétt að geta að landamerkjagrunnur Nytjalands er ekki mjög nákvæmur í öllum tilfellum.

### Mánavík - 28

**Hlutverk:** Torftökustaður

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Í gili bæjarlækjarins á Víkum er blautur hvammur norðan lækjar á merkjum Víkna og Mánavíkur, þar er óljós möguleg tóft og gömul og ný ummerki um torfristu ofan (sunnan) við hana.



## Lýsing

Greinilegt er að torf hefur verið rist í hvamminum mjög nýlega en sex ógrónir skárar eru til vitnis um að þar hafa verið teknir jafnmargir strengir. Víðar í hvamminum eru merki um smávægilega niðurgrefti og líklegt að þarna hafi verið rist torf í gegnum tíðina þótt það virðist ekki hafa verið í miklu mæli.

## Mánavík - 29

**Hlutverk:** Óþekkt/skotbyrgi/leikstaður

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir


Lítið grjóthlaðið byrgi er í stórgrýttri brekku í Mánavíkurlandi við bæjarlæk Víkna um 300m norður af Bæjartjörn.

### Lýsing

Byrgið er um 1x1,5m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur með dyr til suðausturs. Veggir eru á bilinu 10-20sm háir og 40-50sm breiðir og hefur hrunið nokkuð úr þeim, en hlaðið er upp að stórum steini að norðaustan.

### Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er þetta leikstaður barna en einnig gæti verið um skotbyrgi eða smalabyrgi að ræða.



## Mánavík - 30

**Sérheiti:** Móholt

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir


Rúma 100m austur af SA-enda Bæjartjarnar er lítið holt eða gróinn melhóll sem kallast Móholt, á því er tóft og sunnan og suðaustan við það umfangsmiklar mógrafir.

### Lýsing

Tóftin er 4,5x6m að utanmáli með dyr til suðurs. Veggir eru á bilinu 30-70sm háir og um 1m breiðir. Mikið grjót er í veggjum og tóftin öll óvenju vegleg af mótóft að vera. Við suðvesturhornið utanvert hefur verið komið fyrir refagildru, timburgrind með vírneti, og grjót úr veggjum tóftarinnar nýtt til að fergja hana.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Lítið holt er á milli Neðra-Kárengis og Efra-Kárengis, og var þar þurrkaður mór frá Víkum og nefndist Móholt. Ekki mun það nafn vera gamalt.“ (ÖVK, 3).



## Mánavík - 31

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgroftur

### Staðhættir

Rúma 100m austur af SA-enda Bæjartjarnar er lítið holt eða gróinn melhóll sem kallast Móholt, á því er tóft (nr. 30) og sunnan og suðaustan við það umfangsmiklar mógrafir.

### Lýsing

Grafirnar ná yfir um 1000m<sup>2</sup> svæði og eru á bilinu 40-80sm djúpar. Brúnir eru reglulegar og beinar en grafirnar algrónar grasi.

### Aðrar upplýsingar

Í úttekkt frá fyrrihluta 20. aldar segir að mótak sé sæmilegt í Mánavíkurlandi.

### Mánavík - 32

**Hlutverk:** Óþekkt/heyttóft

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Stök tóft er í suðvesturjaðri svonefnd Fosslægjarholts (einnig kallað Mjóaengisholt að austanverðu) nánar tiltekið tæpa 30m austur af Rauðkutjörn og um 80m norðvestur af Krútjörn



Mynd 27, horft til suðvesturs yfir tóft (nr. 32) austan við Rauðkuvatn sem sést til hægri á myndinni.

### Lýsing

Tóftin snýr undan brekkunni til suðvesturs með dyr syðst á suðausturlangvegg. Hún stendur á svolítilli upphækkun sem er næsta spöröskjulaga um 12x18m að utanmáli. Tóftin sjálf er um 3x6m að innanmáli og veggirnir um 1m breiðir og innbrúnir veggja eru um 30sm háar en útbrúnir með hólnum sem tóftin stendur á eru um 70sm hærri en umhverfið.

### Aðrar upplýsingar

Lárus Árnason mundi ekki eftir þessari tóft í notkun en taldi líklegt að þarna hefði hey verið tekið saman og byrgt en mikill engjaheyskapur var á þessum slóðum (munleg heimild, 17.01.2011).

### Mánavík - 33

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

### Staðhættir

Svonefndur Engjalækur rennur til norðurs eftir Mánavíkurlóa niður í Rauðkutjörn, um 1km ofan (sunnan) við Rauðkutjörn rennur hann í svolitlum grafningi og nefnist þar Svartiskurður, þar eru mógrafir meðfram læknum og þústir mótóftar.

### Lýsing

Grafir eru austan og suðaustan við litla þúst (nr. 34), á bilinu 30-40sm djúpar og um 65m<sup>2</sup>. Þá eru nokkrar smærri grafir meðfram læknum beggja vegna um 50-100sm djúpar.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir um landamerki Mánavíkur og Ásbúða að liggi „[...] í götturoðninga við Engjalæk, en þar heitir kafli lækjarins Svartiskurður; eru bakkar hans mókenndir.“ (ÖVK 3, 2).

### Mánavík - 34

**Hlutverk:** Mótóft


**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Svonefndur Engjalækur rennur til norðurs eftir Jöðrum niður í Rauðkutjörn. Um 1km ofan (sunnan) við Rauðkutjörn rennur hann í svolitlum grafningi og nefnist þar Svartiskurður, þar eru mógrafir meðfram læknum og þústir mótóftar.

**Lýsing**

Þúst er við mógrafirnar um 4m austur af bakka Svartaskurðar, hún er um 30-50sm há og 3,5x4m að ummáli (N-S). Engin veggjalög eru greinanleg en þústin er algróin og ögn þýfð.



Mynd 28, horft til norðausturs eftir Þröskuldi, gömul tóft (nr. 35) fyrir miðri mynd, líklega rétt. Til hægri á myndinni er Mánavíkurflói og á bakkanum hinumegin vísar örin á tóftir Ásbúðasels.

### Mánavík - 35

**Hlutverk:** Óþekkt/rétt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Gegnt Ásbúðaseli gengur stórgrýtt og þýft holt til norðausturs frá Selhæðum sem kallast Þröskuldur og lokar af Mánavíkurflóa til norðurs. Suðaustast á Þröskuldi er gömul tóft, líklega leifar lítillar réttar.

**Lýsing**

Tóftin er í stórþýfi inn á milli stórra bjarga. Hún er ferhyrnd (og snýr NNV-SSA), um 5x7m að utanmáli með hlið fyrir miðjum suðurvegg. Veggir eru ávalir og gamallegir, allgrónir mosa og lyngi, um 40-50sm háir og 1m breiðir.



## Mánavíkursel



Mynd 29, horft til norðvesturs yfir tóftir Mánavíkursels í svonefndum Vesturbotni Mánavíkurfloa, um 6km VSV af bæ á Mánavík.

### Mánavík - 36

**Sérheiti:** Mánavíkursel

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Mánavíkursel er suðvestast í Mánavíkurfloa, í svonefndum Vesturbotni.

Þar eru fjórar tóftir undir stórgrýttri brekkubrún og

heita Urðir þar suður af. Lítil tjörn er norðaustur af tóftunum og hefur væntanlega verið vatnsból selsins. Um 600m eru frá Mánavíkurseli vestur í Víknasel en 6km í beinni loftlínu heim að Mánavík.

### Lýsing

Norðasta tóftin er umfangsmest og snýr norðvestur-suðaustur, hún virðist a.m.k. fjórskipt. Að norðvestan er lítið hólfið (1,8x1,4m) og annað norðan við það sem er opið til norðurs og norðausturs (2x3,5m). Þá kemur langt hólfið austan við það opið til norðausturs (1,5x6m) og lítið hólfið byggt við það að suðaustan (2x2m). Veggir eru algrónir grasi en þó sér í grjóti á nokkrum stöðum, þeir eru á bilinu 20-60sm háir og 50-150sm breiðir.

### Aðrar upplýsingar

Í bókinni *Skaginn og Skagaheiði* segir Sigurjón Björnsson: „Förum nú norður fyrir Gagnisvatn. Þaðan gengur mikill flói til norðurs, sem Mánavíkurfloa nefnist. Vestur af honum, skammt frá Víknaseli, er Mánavíkursel [...]“. (SB, 149).

### Mánavík - 37

**Sérheiti:** Mánavíkursel

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 2m suðaustan við stærstu tóftina (nr. 36) á Mánavíkurseli er einföld lítil tóft undir brekkunni.

### Lýsing

Tóftin er næsta hringlaga um 4x5m (N-S) að utanmáli með dyr til austurs. Veggir eru 50-150sm breiðir og 50-80sm háir, þeir eru algrónir grasi og mosa og nokkuð þýfðir (sjá teikningu hér að ofan).



### **Mánavík - 38**

**Sérheiti:** Mánavíkursel

**Hlutverk:** Óþekkt/Sel

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 5m austan við tóft nr. 37 er önnur tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt og snýr eins og brekkan norðvestur-suðaustur. Hún er 6x7m að utanmáli með dyr til norðvesturs og innangengt á milli hólfa sem hvort um sig er um 2x2m að innanmáli. Veggir eru algrónir grasi en þó sér í grjót á stöku stað, þeir eru á bilinu 0,5-1m háir og 1-1,5m breiðir (sjá teikningu hér að ofan).

### **Mánavík - 39**

**Sérheiti:** Mánavíkursel

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 8m austan við tóft nr. 38 er lítil stök tóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 4m á kant með dyr til suðausturs. Veggirnir eru algrónir grasi en þó sér í grjót á stöku stað, þeir eru á bilinu 0,5-1m háir og 1-1,5m breiðir (sjá teikningu hér að ofan).

### **Mánavík - 40**

**Sérheiti:** Kjörvalshaugur

**Hlutverk:** Þjóðsagnastaður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Kjörvalshaugur er hár melhóll suðvestarlega á Selhæðum vestan Mánavíkurflóa um 700m norður af Mánavíkurseli (nr. 36-39).

**Lýsing**

Kjörvalshaugur var ekki skoðaður á vettvangi sumarið 2010 en hnit voru tekin af loftmynd.

**Aðrar upplýsingar**

Í bókinni *Skaginn og Skagaheiði* segir Sigurjón Björnsson: „Förum nú norður fyrir Gagnisvatn. Þaðan gengur mikill flói til norðurs, sem Mánavíkurflói nefnist. Vestur af honum, skammt frá Víknaseli, er Mánavíkursel og gegnt því er Ásbúðnasel. Þar í nánd er Kjörvalshaugur, hinn besti útsýnisstaður. Í haugi þeim er sagt að víkingurinn Jörvalur sé heygður í skipi sínu. Átti það að hafa verið á hvolfi og ber haugurinn reyndar svipmót þess.“ (SB: 149).

## ***Óstaðsettar minjar***

### **Mánavík - 41**

**Sérheiti:** Kvíamór

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir að suður frá bænum sé Kvíamór (ÖAT, 1). Þar voru tóftir kvía sem Lárus Árnason jafnaði við jörðu þegar hann bylti þar landi í tún (munnleg heimild, Lárus Árnason, 20.8.2010). Engin ummerki um kvíar fundust því á þessum slóðum á vettvangi sumarið 2010.

#### **Mánavík - 42**

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt Lárusi Árnasyni voru fjánhús við túngarðinn sem girti túnið af að sunnanverðu. Hann jafnaði þessi hús út ástamt túngarðinum og bylti í tún. Þetta voru um 70 kinda hús (munnleg heimild, 17.01.2011).

#### **Mánavík – 43 (Víkur – 70)**

**Sérheiti:** Krosstangi

**Hlutverk:** Kennimark/minnismerki

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá Mánavíkur er getið um Krosstanga sem merki milli Mánavíkur og Víkna. (ÖAT, 1). Í örnefnaskrá Víkna segir að sagan hermi að þar hafi verið kross til minningar um mann sem fannst látinn á tanganum (ÖVK 1, 1).

#### **Lýsing**

Engin ummerki um þennan kross eru sýnileg á vettvangi og hefur tanginn orðið fyrir miklu landbroti undangengnar aldir (sbr. ÖVK 2, 1).

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Víkna segir: „Merki frá sjó að norðan úr Krosstanga. Ástæða nafns þessa er sögð sú, að á árum móðuharðinda, hafi fundizt látinn förumaður á tanganum með skóbót uppi í sér, og var reistur kross á staðnum eftir siðvenju.“ (ÖVK 1, 1). Í annarri örnefnaskrá Víkna segir: „Sjórinn hefur gengið mjög á landið á Krosstanga; hann hefur líklega stytzt hátt í 150-200 metra síðustu 100 eða 150 árin.“ (ÖVK 2, 1).

#### **Mánavík - 44**

**Sérheiti:** Káraengisvarða

**Hlutverk:** Óþekkt/kennimark

**Tegund:** Heimild

#### **Lýsing**

Varða fannst ekki á þessum slóðum, en hins vegar var skráð byrgi (nr. 26). Hugsanlega hefur grjótt verið tekið úr vörðunni til að hlaða byrgið.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Þaðan s. er Vörðukrókur, en þaðan a. Mánatjörnin en þaðan s. er Víknalind og Mánatjarnarengisbreið. Þaðan til s.v. Káraengisvarða og Efra- og Neðra-Kárengi.“ (ÖAT, 2).

#### **Mánavík - 45**

**Hlutverk:** Óþekkt/kennimark

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá Mánavíkur segir: „Þá ræður Engjalækur mörkum til vörðu skammt vestan (norðan) Þröskulds, neðst n[orður] (?) í Mánavíkurflóa.“ (ÖVK 3, 2). Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi.

## Samantekt og niðurstöður

Samkvæmt samningi Skagahrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast fornleifaskráning jarða í hreppnum við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir skráðar sem sjálfstæðar heildir. Þegar jörðum til skráningar innan hreppsins var forgangsraðað var m.a. tekið mið af hættunni sem minjum er búinn á tilteknum jörðum, s.s. vegna landbrots, skógræktar, jarðræktar eða annarra hugsanlegra framkvæmda.

### *Fjöldi og ástand minja*

Alls voru skráðar 114 minjar á jörðunum Ásbúðum og Mánavík og þar af voru 10 sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni. Af þeim 94 minjum sem voru hnitsettar, voru 84 sýnilegar á yfirborði en 10 voru staðsettar með hjálp heimildamanna, túnakorta eða annarra traustra heimilda. Þar sem svo ber undir er staðsetning gefin upp í hnitatöflum en tegund minja er skráð sem heimild og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar minjar	Hlutfall horfinna/óstaðsettra
Ásbúðir	69	9	14	33 %
Mánavík	45	1	5	13 %
<b>Alls</b>	<b>114</b>	<b>10</b>	<b>19</b>	<b>25 %</b>

### *Minjar í landi Ásbúða*

Sýnilegar minjar í landi Ásbúða eru mest búsetuminjar frá 19. og 20. öld nærri bæ, túngarðsleifar (**nr. 6**) og fjárhús (**nr. 5 og 8**), brunnur (**nr. 35**) ofl. Út í svonefndum Varptanga norðaustur af bæ er töluvert af minjum (**nr. 13-21**). Garðlag er sunnan Ásbúðavatns (**nr. 25**). Þá eru hesthústóftir (**nr. 29**) á Tóftanesi ásamt fleiri minjum (**nr. 27-28**) og minjar um mótöku í Austurmýri sunnan vatnsins (**nr. 26, 31 og 39**). Vörður og smáhleðslur eru víðsvegar um landareignina, norðaustast á Grensás á merkjum Ásbúða og Hrauns (**nr. 22-23**) og sömuleiðis eru á ásnum vestan heimreiðarinnar heim að bænum (**nr. 41-43**) og suður á rindanum ofan (sunnan) Skagavegs (**nr. 44**) og uppá Mánahæðum (**nr. 45 og 47**). Efst á Mánahæðum er Mánahaugur (**nr. 46**), stór melhóll þar sem sagan segir að fornmaðurinn Máni sé heygður. Gamall heybandsvegur (**nr. 48**) sést í slitrum vestan Mánahæða og eftir svonefndum Jöðrum áleiðis að Ásbúðaseli (Ásbúðnaseli) um 3,5km leið. Á Ásbúðaseli eru umtalsverðar tóftaleifar (**nr. 49-52**) sem gætu verið frá 17.-19. öld, en engar heimildir eru um heilsársbúsetu á selinu.

Minjar í landi Mánavíkur eru eins og verða vill í misgóðu ástandi, af þeim 45 sem voru skráðar á vettvangi reyndust tvær flokkast undir það að vera „heillegar“ samkvæmt stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008 (sjá heimasíðu fornleifaverndar <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>). 15 minjar töldust „vel greinanlegar“, 15 „greinanlegar“ og 12 „illgreinanlegar“ en 10 minjar sáust ekki á yfirborði þótt staðsetning þeirra væri kunn. Einn staður var að auki skráður af loftmynd þar sem staðsetningin hans er þekkt en ekki gafst færi á að fara á staðinn, þ.e. svonefndur Kjörvalshaugur.

### ***Minjar í hættu***

*Minjar í landi Ásbúða eru fáar í fyrirsjáanlegri hættu, en þó eru þrjár sem hætt er við skemmdum af völdum landbrots og ágangs sjávar og ein sem liggur undir skemmdum af völdum rofs.*

<b>Nr</b>	<b>Fvr Nr</b>	<b>Tegund</b>	<b>Hlutverk</b>	<b>Hættumat</b>	<b>Hættuorsök</b>
<b>3</b>	13203	heimild	vatnsból	hætta	landbrot
<b>6</b>	13206	garðlag	túngarður	hætta	landbrot
<b>13</b>	13213	garðlag	óþekkt	hætta	ágangur sjávar
<b>40</b>	13240	þúst	óþekkt	hætta	rofs

*Þá benda heimildir til að sjö minjar eða minjastaðir til viðbótar hafi horfið í sjó [nr. 3, 12 og 55-59] og alls 13 við sléttun [4, 9-11 og 61-69] og fjórar vegna bygginga eða framkvæmda [1, 2, 30 og 54]. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.*

### ***Áhugaverðar minjar í landi Ásbúða***

- Fallett útsýni er af Mánahugi (**nr. 46**) og skemmtileg saga honum tengd. Vel mætti nýta þennan stað til kynningar þótt raunverulegt minjagildi hans sé umdeilanlegt.
- Annar staður sem hentað gæti til kynningar er Ásbúðasel (Ásbúðnasel) en þar er fallett umhverfið og glöggar minjar (**nr. 49-52**) sem gaman er að koma að og áhugavert væri að rannsaka frekar og aldursgreina.
- Þá væri forvitnilegt að fá úr því skorið hvort um gamlar minjar geti verið að ræða á Varptanga (**nr. 20**).

### ***Minjar í landi Mánavíkur***

Sýnilegar minjar í landi Mánavíkur eru mest búsetuminjar frá 19. og 20. öld nærri bæ, leifar gamla torfbæjarins (**nr. 1**), útihús (**nr. 6**), túngarður (**nr. 3**) og brunnur í túninu (**nr. 17**). Einnig er þar að finna eldri búsetuminjar, bæjarhól (**nr. 5**) og tóftir á honum (**nr. 7-9**) og minjar um sjósókn, naust (**nr. 10**) auk að því er virðist eldri minja yst á Mánavíkurnesi (**nr. 13-16**). Þá er stekkjartóft norðaustur af bæ austan Ytri-Víkur líklega frá 19. öld (**nr. 18**) og garðlag umhverfis hann (**nr. 19**) sem gæti verið eldra. Mögulega eru það leifar túngarðs svonefnds Mánavíkurkots, en þess er getið í heimildum og á að hafa verið í byggð í sex ár undir lok 17. aldar.

Fjær bæ er að finna vörður og hleðslur af ýmsu tagi og leifar smalakofa (**nr. 20-26 og 29**). Þar eru sömuleiðis tóft og minjar um smávægilega torftöku að fornu og nýju í hvammi við bæjarlæk Víkna (**nr. 27-28**) og móbyrgi og mógrafir austan Bæjartjarnar (**nr. 30-31**) og sömuleiðis meðfram Svartaskurði (**nr. 33-34**). Þá er tóft við Rauðkutjörn (**nr. 32**) hugsanlega gömul beitarhús, sem gætu verið frá 18.-19. öld. Syðst á svonefndum Þröskuldi sem er norðan við Mánavíkurflóa er lítil réttartóft (**nr. 35**) sem virðist æði gömul og gæti verið frá 800-1700 en afar erfitt getur verið að meta aldur minja af útlitinu þeirra einu og verður að hafa fyrirvara á því. Suðvestur af henni er svonefndur Kjörvalshaugur, hár melhóll ofarlega á svonefndum Selhæðum (**nr. 40**). Sunnan hans í svonefndum Vesturbotni, vestast í

Mánavíkurflóa, eru tóftir Mánavíkursels (nr. 36-39). Töluverðar tóftir sem gætu verið frá fleiru en einu byggingaskeiði selsins frá 1700-1850 af útliti þeirra að dæma eða jafnvel eldra.

Minjar í landi Mánavíkur eru eins og verða vill í misgóðu ástandi, af þeim 39 sem voru skráðar á vettvangi reyndist engin flokkast undir það að vera „heilleg“ samkvæmt stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008 (sjá heimasíðu fornleifaverndar <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>). 5 minjar töldust „vel greinanlegar“, 27 „greinanlegar“ og 6 „illgreinanlegar“ en 1 fornleif sást ekki á yfirborði þótt staðsetning hennar væri kunn. Einn staður var að auki skráður af loftmynd þar sem staðsetningin hans er kunn en ekki gafst færi á að fara á staðinn, þetta er þjóðsagnastaðurinn Kjörvalshaugur.

### ***Minjar í hættu***

*Nokkur fjöldi minja í landi Mánavíkur er í hættu vegna landbrots eða ágangs sjávar, alls 10.*

Nr	Fvr Nr	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hættuorsök
3	12845	garðlag	óþekkt	mikil hætta	landbrots
4	12846	mannvistarleifar	öskuhaugur	mikil hætta	landbrots
5	12847	hóll	óþekkt	hætta	landbrot
8	12850	tóft	óþekkt	hætta	landbrots
9	12851	tóft	óþekkt	mikil hætta	landbrots
10	12852	tóft	naust	hætta	landbrots
11	12853	tóft	óþekkt	hætta	landbrots
14	12856	þúst	óþekkt	hætta	landbrot
18	12860	tóft	stekkur	hætta	ágangur sjávar
19	12861	garðlag	óþekkt	mikil hætta	ágangur sjávar

*Þar að auki eru heimildir um ein útihús sem sléttað hefur verið úr [nr. 2]. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.*

### ***Áhugaverðar minjar í landi Mánavíkur***

- Á Mánavíkurseli er fjöldi tófta (nr. 36-39) sem gætu verið áhugaverðar til kynningar en einnig til rannsókna en gaman væri að aldursgreina. Stutt er á milli Mánavíkur- og Ásbúðnasels og skemmtileg ganga að seltóftunum.
- Áhugavert væri að rannsaka meintan bæjarhól (nr. 5) með tilliti til aldursgreiningar sem og þær tóftir sem á honum eru.



## ***Heimildaskrá***

Björn Lárusson. *The old Icelandic Land Registers*. Lund Univerisity: Lund 1967.

*Húnaþing II*. Ritnefnd Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga [etc.], Akureyri 1978.

*Íslendinga Sögur I*. Ritstj. Guðni Jónsson. Íslendingasagnaútgáfa: Reykjavík 1946.

Íslenzkt fornbréfasafn II. bindi. 1253-1350. Hið Íslenzka bókmentafélag: Kaupmannahöfn 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn IX. bindi. 1262-1536. Hið Íslenzka bókmentafélag: Reykjavík 1909-1913.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. Hið íslenzka fræðafjélag: Kaupmannahöfn, 1926.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prstaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Útgefandi: J. Johnsen: Kaupmannahöfn, 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskipun 27. maí mánuðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan: Kaupmannahöfn, 1861.

Sigurjón Björnsson. *Skaginn og Skagaheiði*. Skrudda: Reykjavík 2005.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 I – Húnavatnssýsla. Hið íslenzka bókmenntafélag: Akureyri 1950.

### **Óprentaðar heimildir**

Klemens Guðmundsson. Óútgefið handritasafn í eigu Kolbeins Erlendssonar í Bólstaðarhlíð, skrifað um og uppúr 1970.

Úttekt á Mánavík í Vindhælishreppi, nr. 60. [ártal vantar]. Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu.

Úttekt á Ásbúðum í Vindhælishreppi, nr. 61. [ártal vantar]. Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu.

**ÖKE** – *Ásbúðir*. Kristján Eiríksson skráði árið 1976. Heimildamenn Pálína Ásmundsdóttir og Leifur Gíslason. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

**ÖMJ** – *Ásbúðir*. Margeir Jónsson skráði árið 1937. Heimildamaður Ásmundur Árnason. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

**ÖVK 1** - *Víkur*. Valgeir Karlsson skráði, 1984. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

**ÖVK 2** - *Víkur. Athugasemdir og viðbætur*. Guðrún Þóra Guðmannsdóttir skráði 1984, eftir Valgeiri Karlssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

**ÖVK 3** - *Mánavík*. Valgeir Karlsson skráði, 1984. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

#### **Heimasíður**

Heimasíða Fornleifaverndar Ríkisins. [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is).

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>.

#### **Heimildamenn**

Lárus Árnason frá Mánavík, f. 1923.

Valgeir Karlsson bóndi á Víkum, f. 1943.

Ásbúðir - hnitatafla

Nr	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Hættu orsök	Vegg-hæð frá	Vegg-hæð til	Austun	Norðun
1	13201	Ásbúðir	heimild		híbyli		1800	1968	sést ekki	bygginga	engin hætta		0.0	0.0	446846	625696
2	13202		heimild		skemma		1850	2000	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0.0	0.0	446837	625692
3	13203		heimild		vatnsból	brunnur	1800	1950	sést ekki		hætta	landbrot	0.0	0.0	446818	625689
4	13204	Ærhús	heimild		fjánhús		1850	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0.0	0.0	446877	625711
5	13205	Sauðhús	tóft		fjánhús		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0.3	1.2	446958	625719
6	13206		garðlag	hryggur	túngarður		1850	1950	illgreinanleg		hætta	landbrot	0.0	0.0	446995	625711
7	13207	Tröð	heimild		heimreið		1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.0	0.0	446871	625668
8	13208	Grundarhús (Ytri?)	tóft	dæld	fjánhús		1850	1950	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0.0	0.1	446906	625649
9	13209	Grundarhús (Syðri?)	tóft	dæld	hesthús	fjánhús	1850	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0.0	0.0	446906	625644
10	13210	Dagsláttur	heimild		beðsléttur		1850	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0.0	0.0	446838	625657
11	13211	Kvíamór	heimild		kvíar		800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0.0	0.0	446961	625699
12	13212	Bangsavarða	heimild		óþekkt	kennimark	1911	1934	sjást ekki	landbrots	engin hætta		0.0	0.0	446970	625750
13	13213		garðlag		óþekkt	vörslugarður/ túngirðing	1800	1950	greinanleg		hætta	ágangur sjávar	0.3	0.6	447361	625920
14	13214		hleðsla	grjóthruga	óþekkt		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0.3	0.4	447234	625918
15	13215		garðlag		óþekkt		1850	1950	vel greinanleg		engin hætta		0.5	0.6	447399	625815
16	13216		tóft		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.1	0.5	447303	625794
17	13217		garðlag		óþekkt	nátthagi?	1750	1900	greinanleg		engin hætta		0.4	0.6	447350	625759
18	13218		tóft	niðurgröftur-hleðsla	óþekkt		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0.3	1.5	447367	625766
19	13219		jarðræktarsvæði	garðlag	óþekkt	matjurta-garður?	800	1900	greinanleg		engin hætta		0.3	0.5	447386	625742
20	13220		þústir	náttúrumyndun	óþekkt		800	1800	greinanleg		engin hætta		0.2	0.5	447359	625731
21	13221		tóft		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0.4	0.6	447389	625780
22	13222		náttúrumyndun		landamerki?		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0.6	0.6	448400	625288
23	13223		varða	þúfa	landamerki?		800	1900	greinanleg		engin hætta		0.5	0.7	448330	625149
24	13224		hleðsla	hruga	óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0.6	0.6	447877	625179
25	13225	Hólmagirðing	garðlag		óþekkt	vörslugarður	1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0.2	0.8	447498	625299
26	13226	Austurmýri	niðurgröftur		Mógröf		1750	1950	vel greinanleg		engin hætta		0.0	0.0	447254	625251
27	13227		tóft	náttúrumyndun	óþekkt	mótóft	1500	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.1	0.5	447270	625316

Ásbúðir - hnitatafla

Nr	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Hættu orsök	Vegg-hæð frá	Vegg-hæð til	Austun	Norðun
28	13228		hleðsla		óþekkt		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0.5	0.9	447257	625344
29	13229		tóft		hesthús		1850	1950	vel greinanleg		engin hætta		0.1	1.0	447234	625329
30	13230		heimild		óþekkt		800	1850	sést ekki	bygginga	engin hætta		0.0	0.0	447232	625326
31	13231	Austurmýri	tóft		óþekkt	mókofi	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0.2	0.6	447102	625254
32	13232			tóft	óþekkt		1500	1900	greinanleg		engin hætta		0.3	0.6	447018	625441
33	13233		þúst		óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.0	0.4	447040	625505
34	13234		niðurgröftur		óþekkt		1500	1950	illgreinanleg		engin hætta		0.2	0.3	447040	625642
35	13235		niðurgröftur-hleðsla		brunnur		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		1.2	1.3	447031	625646
36	13236		þúst	ruðningur	óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.0	0.0	446919	625510
37	13237		garðlag		óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0.2	0.5	446920	625487
38	13238		tóft		óþekkt		1750	1950	greinanleg		engin hætta		0.1	0.7	446872	625329
39	13239		tóft		óþekkt	mótóft	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.2	0.3	447007	625288
40	13240		þúst		óþekkt		1800	1950	greinanleg		hætta	rofs	0.2	0.5	446676	624982
41	13241		varða		óþekkt		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0.8	1.0	446706	624930
42	13242		varða		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.1	0.4	446694	624914
43	13243		varða	fuglaþúfa	óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.3	0.4	446662	624878
44	13244	Rindavarða	varða		kennimark		1800	1950	heillegar		engin hætta		1.0	1.2	446961	624524
45	13245	Tíðavarða	varða		kennimark	landamerki	1800	1950	heillegar		engin hætta		1.5	1.6	447347	623607
46	13246	Mánahaugur	náttúrumyndun	niðurgröftur	þjóðsagna-staður		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0.0	0.0	446734	623375
47	13247		varða		óþekkt	kennimark	1750	1900	greinanleg		engin hætta		1.2	1.3	446554	623517
48	13248	Heybandsvegur	gata		leið		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0.0	0.0	445729	621956
49	13249	Ásbúðnasel?	tóft		sel		800	1800	greinanleg		engin hætta		0.3	1.4	445258	620348
50	13250	Ásbúðnasel?	tóft		óþekkt		1750	1950	vel greinanleg		engin hætta		0.2	0.8	445265	620338
51	13251	Ásbúðnasel?	hóll	þúst	óþekkt	öskuhóll	0	0	greinanleg		engin hætta		0.0	0.5	445250	620344
52	13252	Ásbúðnasel?	tóft		óþekkt	fjárhús,beitarhús?	800	1700	illgreinanleg		engin hætta		0.2	0.4	445245	620329
53	13253	Mjóengi	niðurgröftur		mógrafir		1700	1950	vel greinileg		engin hætta		0.0	0.0	446075	622232
54	13254		heimild		fjós		1850	1950	sést ekki		engin hætta		0.0	0.0	446882	625677



# Ásbúðir - Yfirlitskort 1





## Mánavík - hnitatafla

Nr	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Hættu orsök	Vegg- hæð frá	Vegg- hæð til	Austun	Norðun
1	12843	Mánavík	tóft		híbýli	fjós	1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0.4	1.5	445991	624930
2	12844		heimild		óþekkt	útihús	1900	1950	sést ekki	sléttunar?	engin hætta		0.0	0.0	445977	624930
3	12845		garðlag		vörslugarður	túngarður	1750	1950	vel greinanleg		mikil hætta	landbrots	0.5	0.7	445985	625025
4	12846		mannvistar leifar		öskuhaugur		800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	1.0	1.3	445966	624926
5	12847	Mánavík	hóll		óþekkt	bæjarhóll?	800	1850	greinanleg		hætta	landbrot	0.5	1.5	446048	624902
6	12848		tóft		fjánhús		1850	1950	vel greinanleg		engin hætta		0.5	1.7	446035	624905
7	12849		tóft		óþekkt		1750	1950	greinanleg		engin hætta		0.1	0.6	446061	624914
8	12850		tóft		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		hætta	landbrots	0.2	0.3	446055	624927
9	12851		tóft		óþekkt		1100	1800	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	0.1	0.3	446061	624924
10	12852		tóft		óþekkt	naust	800	1900	greinanleg		hætta	landbrots	0.2	0.4	446070	624918
11	12853		tóft		óþekkt		800	1700	illgreinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.0	445998	624875
12	12854		garðlag		túngarður		1750	1950	greinanleg		engin hætta		0.5	1.0	446001	624871
13	12855		tóft		óþekkt		800	1700	greinanleg		engin hætta		0.3	0.4	446002	625044
14	12856		þúst	kofa- grunnur?	óþekkt		800	1900	greinanleg		hætta	annað	0.3	0.5	446018	625047
15	12857		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0.3	0.6	445998	625059
16	12858		tóft		óþekkt		1750	1950	greinanleg		engin hætta		0.3	0.5	446002	625079
17	12859		niðurgroftur- hleðsla		brunnur	brunnhús	1750	1900	greinanleg		engin hætta		0.0	0.1	446166	624822
18	12860	Mánavíkur stekkur	tóft		stekkur		1800	1900	vel greinanleg		hætta	ágangur sjávar	0.3	0.6	446429	625248
19	12861	Mánavíkur- kot?	garðlag		óþekkt	túngarður?	1700	1850	greinanleg		mikil hætta	ágangur sjávar	0.3	0.5	446441	625245
20	12862		hleðsla		óþekkt	smalabyrgi	800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.1	0.3	446425	624560
21	12863		varða		óþekkt	landamerki?	800	1900	greinanleg		engin hætta		0.0	0.0	446395	624556
22	12864	Vörðukrókur	varða		óþekkt	kennimark	800	1900	greinanleg		engin hætta		0.3	0.5	445810	623897
23	12865		varða		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0.4	0.5	445483	623767
24	12866		varða		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0.5	0.6	445603	623540
25	12867	Árnakofi	tóft		smalakofi		1500	1900	greinanleg		engin hætta		0.2	0.4	445678	623382
26	12868		tóft		smalakofi		1750	1950	greinanleg		engin hætta		0.2	0.6	445686	623089
27	12869		tóft		óþekkt	stekkur?	1000	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.1	0.6	445244	623289



Mánavík - hnitatafla

Nr	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Hættu orsök	Vegg- hæð frá	Vegg- hæð til	Austun	Norðun
28	12870		niðurgröftur		torftöku- staður		800	2000	greinanleg		engin hættu		0.0	0.0	445251	623280
29	12871		tóft		óþekkt	skotbyrgi, leikstaður	1750	1950	greinanleg		engin hættu		0.2	0.1	445310	623163
30	12872	Móholt	tóft		mótóft		1800	1950	greinanleg		engin hættu		0.3	0.7	445519	622710
31	12873		niðurgröftur		mógrafir		1850	1950	vel greinanleg		engin hættu		0.4	0.8	445553	622664
32	12874		tóft		óþekkt	heytóft	1700	1900	greinanleg		engin hættu		0.3	0.7	445287	622071
33	12875		niðurgröftur		mógröf		1750	1950	greinanleg		engin hættu		0.2	0.4	445136	621060
34	12876		þúst		mótóft		1750	1950	greinanleg		engin hættu		0.3	0.5	445131	621057
35	12877		tóft		óþekkt	rétt	800	1700	greinanleg		engin hættu		0.4	0.5	445046	620096
36	12878	Mánavíkur-sel	tóft		Sel		1700	1850	greinanleg		engin hættu		0.2	0.6	444613	619132
37	12879	Mánavíkur-sel	tóft		óþekkt		1700	1850	greinanleg		engin hættu		0.5	0.8	444619	619126
38	12880	Mánavíkur-sel	tóft		óþekkt	sel	1700	1850	greinanleg		engin hættu		0.5	1.0	444631	619126
39	12881	Mánavíkur-sel	tóft		óþekkt		1700	1850	greinanleg		engin hættu		0.5	0.8	444645	619126
40	12882	Kjörvals- haugur	heimild		þjóðsagna- staður		800	1000			engin hættu		0.0	0.0	444535	619858



# Mánavík - Yfirlitskort 2



- 13-16
- 18-19
- 3
- Mánavík
- 7-10
- 1-2 og 4
- 5-6
- 11-12
- 17

- 20-21

Víkur

- 22
- 23
- 24
- 25
- 27-28
- 29
- 26

- 30
- 31
- Víkur Mánavík
- Mánavík Ásbúðir
- 32
- Ásbúðir Hraun

- 33-34

Ásbúðasel

Mánavíkursel

- 35
- 40
- 36-39

